

SHALDOR
skoðun 14



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is



Þessi
rígheldur!

JPU
JPV ÚTGÁFA
www.fortagid.is



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

4. október 2010
232. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



Mikil upphæð

Vestfirðir valdir í hóp með 25 afburðaáfangastöðum í Evrópu.

tímamót 16

Síðað samfélag

Borgararnir upplifa fullkomið valdaleysi sitt en aðrir greiðan aðgang að kjötkötlunum.

umræða 15



Haukar komust áfram

Haukar lögðu ítalska liðið Conversano í tvígang um helgina.

sport 24

veðrið í dag



HVESSIR ER LÍÐUR á daginn í dag má búast við 5-13 m/s, hvassast verður á Snæfellsnesi, Vestfirðum og allra syðst. Horfur eru á lítilsháttar vætu N- og A-til en annars verður bjart með köflum.

VEDUR 4

Fær ekki sparifé í bílakaup

Íslendingur búsettur í Svíþjóð fær ekki sparifé sitt millifært vegna gjaldeyrishafta. Seðlabankinn vísar í reglur sem hafa það að markmiði að stöðva viðskipti sem geta valdið óstöðugleika í gengis- og peningamálum.

Seðlabankinn vill varast fordæmi

Seðlabankinn kveðst verða að fara gætilega í því að veita undanþágur frá reglum um gjaldeyrisráðgjafi enda geti fordæmi leitt til þess að talsvert magn af gjaldeyri fari úr landi. Við mat á umsóknum er horft til þess hvort um brýna hagsmunir viðkomandi umsækjanda er að ræða og hvort undanþága kunni á grundvelli fordæmis að opna fyrir mikil gjaldeyrisviðskipti.

Úr svari Seðlabankans við fyrirspurn Fréttablaðsins

að kaupa nýjan fjölskyldubíl. En í skilningi laganna er ég erlendum aðili þar sem ég hef fasta búsetu hér ytra. Það breytir því ekki að ég er íslenskur ríkisborgari sem virðist engu skipta," segir Vilhjálmur.

Í bréfi SÍ til Vilhjálms segir að við mat á beiðni um undanþágu frá haftareglunum skuli bankinn líta til þess hvaða afleiðingar takmarkanir á fjármagnshreyfingum hafa

fyrir umsækjandann annars vegar, og hvaða áhrif undanþága hefur á stöðugleika í gengis- og peningamálum hins vegar.

„Ég er þess fullviss að frysting á því sem við höfum lagt fyrir á Íslandi hefur meiri afleiðingar fyrir mína fjölskyldu en fyrir fjármálastöðugleikann á Íslandi og þessi rök halda einfaldlega ekki. Hef ég þó skilning á því ástandi

sem er heima," segir Vilhjálmur. Honum finnst hlálegt að í bréfi SÍ er vísað beint í fyrstu reglu um gjaldeyrisráðgjafi. Markmiðið er að takmarka eða stöðva tímabundið fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti „sem valda að mati SÍ alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum“.

Þá er erlendum aðila heimilt, samkvæmt reglum um gjaldeyrisráðgjafi, að kaupa erlendan gjaldeyri hjá viðskiptabanka sínum á Íslandi fyrir allt að jafnvirði þriggja milljóna króna á ári. Til þess þarf að sýna fram á að notkun fjárens sé vegna eigin framfærslu.

Millifærsla á gjaldeyri til bifreiðakaupa, eins og í tilfalli Vilhjálms, fellur ekki undir slíka undanþágu, samkvæmt bréfi SÍ. -shá



SUMARLEGT HAUSTAFMÆLI Veðurblíða var á höfuðborgarsvæðinu um helgina og þessir strákar nýttu veðrið í afmælisveislu í Grasagarðinum í Laugardal í gær. Þeir virtust skemmta sér konunglega þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Leitað fanga hjá lögfræðingum:

Alþingi velur brátt saksóknara fyrir landsdóm

LANDSDÓMUR Rætt hefur verið við Sigríði J. Friðjónsdóttur aðstoðarríkissaksóknara um að taka að sér starf saksóknara í landsdómsmáli gegn Geir H. Haarde. „Þetta hefur verið ámalgað við mig," segir Sigríður. Hún hefur ekki svarað því hvort hún sé tilbúin til að taka starfið að sér.

Bæði Ásta Ragnheiður Jóhannsdóttir, forseti Alþingis, og Atli Gíslason, formaður þingmanna nefndar sem lagði til að höfðað yrði mál fyrir landsdómi, búast við að Alþingi kjósi um saksóknara á morgun eða miðvikudag.

Samkvæmt heimildum blaðsins var rætt óformlega við Ragnhildi Helgadóttur, lagaprófessor við Háskólann í Reykjavík, um að taka að sér starf saksóknara eða varasaksóknara en hún hafnaði því sökum anna.

- bj / sjá síðu 4

Ná þarf tökum á ríkisfjármálunum til að tryggja velferð segir fjármálaráðherra:

Velja helst illskástu leiðirnar

STJÓRN MÁL „Það er auðvelt að velja hvað sem er í þessu frumvarpi og segja að þetta sé vont og ósann- gjarnt, en það er ekki hægt að slíta þetta úr samhengi við þann efnahags- lega veruleika sem við erum að glíma við," segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra um ný fjárlög sem mælt verður



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

fyrir á morgun.

„Við erum að reyna að fara illskástu leiðirnar við okkar þröngu aðstæður. Ég held að þeir sem horfa

Hvað þýðir það fyrir velferðina í framtíðinni ef við setjum ríkissjóð á hausinn?

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON
FJÁRMÁLARÁÐHERRA

heiðarlega á þetta hljóti að komast að þeirri niðurstöðu að það séu fáir góðir kostir í boði.“

Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna hefur gjarnan kennt sig við norræna velferð. Steingrímur segir enga þversögn fólga í því að velferðarríkisstjórn skeri jafn harkalega niður og nú sé fyrirhugað.

„Væri það í þágu framtíðarvel-

ferðar í landinu að ná ekki tökum á ríkisfjármálunum? Hvað þýðir það fyrir velferðina í framtíðinni ef við setjum ríkissjóð á hausinn?“

Gagnrýnt hefur verið að fjárlögin byggja á þjóðhagssþá sem gerð var í júní, þar sem gert var ráð fyrir því að fyrsti áfangi álvers í Helguvík væri kominn í gagnid á næsta ári. Steingrímur segir mikla óvissu í öllum spám, en álver í Helguvík sé fjarri því það eina sem skipti máli.

Hann bendir á að ekki hafi verið gert ráð fyrir jafn mikilli stækkun og nú sé stefnt að í álverinu í Straumsvík þegar spám var gerð, og ferðamönnum fjölgi meira en spáð hafi verið. Þá séu ýmis önnur meðalstór verkefni í pípunum.

- bj / sjá síðu 6



Hefur þú skolað í dag?

Sterkar tennur og fallegt bros. Flux flúormunnskól fyrir alla fjölskylduna.

Fæst í næsta apóteki.

actavis
hagur í heilu

TENGI

TILBOÐ VIKUNNAR



Tilboðsverð
1.255,-

HANDSTURTUHAUS
TITAN-GOM

Smíðjuvegi 76
Kópavogi
Sími 414 1000

Baldursnesi 6
Akureyri
Sími 414 1050

SPURNING DAGSINS



„Birkir, heldurðu með Skotun-um?“

„Nei. Ég held með strákunum okkar sem munu afgreiða Skotana með nokkrum góðum skotum.“

Birkir Sveinsson er mótastjóri KSÍ. Vinni U-21 landsliðið Íslendinga Skota í umspil-sleikjum um sæti á EM þarf að gera langt hlé á Pepsi-deildinni næsta sumar. Mun Birkir þá þurfa að ráða mótnu upp á nýtt sem gæti reynst þrautin þyngr.

Umsækjendur um starf skrifstofustjóra óánægðir með ráðningu aðstoðarmanns:

Ósætti vegna ráðningar skrifstofustjóra

STJÓRNSÝSLA Umsækjendur um starf skrifstofustjóra auðlinda-skrifstofu í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu eru ósáttir við niðurstöðu Ögmundar Jónassonar, dóms- og samgöngumálaráðherra, um að ráða Jóhann Guðmundsson, aðstoðarmann Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, í starfið.

Jóhann hefur starfað sem aðstoðarmaður Jóns, og þar áður Steingrims J. Sigfússonar fjármálaráðherra, undanfarið eitt og hálf ár. Vegna tengsla sinn við Jóhann lýsti Jón sig vanhæfan og féll því í

hlut Ögmundar að ráða í starfið.

„Að vera pólitískt skipaður aðstoðarmaður og vera svo ráðinn í þetta starf finnst mér auðvitað ekkert eðlilegt en það er svo sem ekki mitt að meta hvaða umsækjandi var hæfastur,“ segir Gísli Rúnar Gíslason, yfirlögfræðingur hjá Fiskistofu, sem var meðal umsækjenda en hann hyggst sækjast eftir rökstuðningi fyrir ráðningunni frá ráðuneytinu. Hann telur orka tvímælis að Ögmundur hafi verið fenginn til að ráða í starfið þar sem hann sé í sama flokki og Jón. Undir þessi sjón-

armið taka fleiri umsækjendur sem furða sig jafnframt á því hve langan tíma ráðningarferlið tók en umsóknarfrestur rann út þann 18. júlí síðastliðinn.

Ögmundur Jónasson sagði í samtali við Fréttablaðið á laugardag að hann hefði óskað eftir því að starfsmenn ráðuneytisins færu yfir umsækjendur á faglegum nótum og að Jóhann hefði orðið hlutskarpastur í því mati. Það væri ómaklegt að setja málið fram með þeim hætti að annarleg sjónarmið hefðu ráðið för, ráðningin hefði verið fagleg. - mbl



SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐAR-RÁÐUNEYTIÐ Umsækjendur um starfið eru óánægðir með tafir sem urðu á ráðningarferlinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR



TRAUSTIÐ DVÍNAR Um 38 prósent segjast bera traust til þjóðkirkjunnar nú. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Könnun um ríki og kirkju:

Þrír af fjórum vilja aðskilnað

KÖNNUN Ríflega 73 prósent þeirra sem afstöðu tóku í skoðanakönnun Capacent Gallup vilja aðskilnað ríkis og kirkju. Tæplega 27 prósent eru því andvíg. Þetta kom fram í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins í gær.

Mikill munur er á afstöðu fólks eftir aldri, og eru þeir sem yngri eru líklegri til að vera hlyntir aðskilnaði ríkis og kirkju. Í gegnum tíðina hafa um það bil sex af tíu verið fylgjandi aðskilnaði, en hlutfallið hefur hækkað undanfarið.

Í fyrra studdu 74 prósent aðskilnað ríkis og kirkju, sem er svipað hlutfall og nú. - bj

Óvenju svalt í Danmörku:

September sá kaldasti í níu ár

DANMÖRK Septembarmánuður í ár hefur ekki mælst kaldari í Danmörku síðan 2001. Kemur þetta fram á fréttavef Danmarks Radio.

Meðalhitastig síðasta mánaðar í Danmörku var 12,6 gráður og er það þó nokkuð undir meðallagi. Kaldasti septembarmánuður frá upphafi var í landinu árið 1877 og mældist þá meðalhiti 10 gráður.

Veðurspáin fyrir Danmörku segir til um að meðalhiti í október í ár verði í kringum 9 gráður. Þó er spáð miklum hita á næstunni og mega Danir búast við því að hitastigið verði í kringum 20 gráður fyrri hluta vikunnar. - sv

Nýta eiginleika sem heilbriggt fólk skortir

Stefnt er á að hópur einhverfra einstaklinga hjóti sértæka þjálfun og síðar atvinnu hjá fyrirtækinu Sérfræðingarnir. Þjálfunin er að danskri fyrirmynd. Dæmi eru um einstaklinga með snilligáfu sem hafa setið heima árum saman.

FÉLAGSMÁL Gangi áætlun fyrirtækisins Sérfræðingarnir eftir munu allt að átján einhverfir einstaklingar hljóta þjálfun strax á næsta ári sem gerir þeim kleift að takast á við verkefni á almennum vinnu-markaði.

Fyrirmyndin er Specialisterne í Danmörku sem hefur vakið heimsathygli fyrir aðferðir sínar við að meta og þjálfa einstaklinga á einhverfurófi og útvega þeim síðan verkefni við hugbúnaðarþrófanir og aðra nákvæmnisvinnu í stórfyrirtækjum á borð við Microsoft, Oracle, Cisco og Lego.

Sérfræðingarnir á Íslandi er sjálfseignarstofnun sem var stofnuð af Umsjónarfélagi einhverfra og einstaklingum sem hafa áhuga á að bæta atvinnutækifæri þessa hóps, að sögn stjórnarformannsins Hjartar Grétarssonar.

„Stór hluti verkefnisins er að flytja þekkingu frá Danmörku til Íslands til að þjónusta þessa einstaklinga, ná samskiptum við atvinnulíf og ramma inn verkefni handa þessum hópi“, segir Hjörtur.

Leonardo-menntaáætlun ESB hefur veitt Sérfræðingunum, Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis og erlendum samstarfsaðilum styrk sem nægir til að yta verkefni um úr vör. Þjónustumiðstöðin er þekkingarstöð í málefnum fatlaðs fólks og leiðir verkefni.

Hjörtur segir að tryggja þurfi rekstur í þrjú til fjögur ár áður en starfið hefst. „Við þurfum um tólf milljónir á ári til að borga fyrir greiningar og þjálfun, en við vonum að annað verði sjálfbært,“ segir Hjörtur sem vill hætta að horfa á einhverfu sem fötlun.

Sólskinsdrengurinn var kveikjan



SÓLSKINS-DRENGUR OG FORSETI Hér heilsar Þorsteinnssonur uppi á Vigdís Finnboðadóttur við frumsýningu heimildarmyndarinnar Sólskinsdrengurinn sem Friðrik Þór Friðriksson leikstýrði.

■ Á Íslandi eru tvö þúsund einstaklingar á einhverfurófinu. Þúsund hafa fengið greiningu; 500 eru líklega eldri en 22 ára. Stór hluti þessara einstaklinga er atvinnulaus, á örorkubótum eða í störfum þar sem hæfileikar þeirra nýtast ekki. Erlendis eru aðeins sex prósent einhverfra með atvinnu.

Sérfræðingarnir vilja koma sem flestum í markvissa þjálfun og atvinnu við hæfi. Bæta þannig líf viðkomandi, minnka atvinnuleysisbætur, örorkubætur og fjárhagsaðstoð.

■ Thorkil Sonne, stofnandi Specialisterne, kom í heimsókn til Íslands í janúar 2009 í boði Umsjónarfélags einhverfra að frumkvæði Margrétar Dagmarar Ericadóttur, framleiðanda heimildarmyndarinnar Sólskinsdrengurinn, en sagt er frá Specialisterne í myndinni. Hugmyndin að stofnun Sérfræðinganna átti upphaf sitt í heimsókn hans.

„Reynum að líta til þessara einstaklinga út frá styrkleikum þeirra. Þeir sem geta nýtt sér þjálfunina eru þeir sem fólk þekkir sem dellu- karla og geta sérhæft sig umfram aðra; stundum kallaðir sérvitringar. Þeir geta í framtíðinni leyst ýmis nákvæmnisverk, í hugbúnaðar- argeiranum vissulega en einnig hjá fjölmörgum öðrum atvinnugreinum. Ég þekki til einstaklinga sem hafa greindarvísitölu upp á 160 til

170 en sitja heima verkefnalausir. Þetta er vettvangur fyrir verkefnalausa snillinga.“

Þeir sem hljóta þjálfun munu fá vinnu hjá Sérfræðingunum, en fyrirtækið tekur að sér verkefni eins og hvert annað hugbúnaðarhús sem selur sína þjónustu. „Hins vegar eru þeir ekki bundnir af því heldur nýttist þetta sem stökkpallur út í lífið.“

svavar@frettabladid.is



DILMA ROUSSEFF Allar líkur eru taldar á að hún verði næsti forseti Brasilíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosningar í Brasilíu í gær:

Kona líklega í forsetaembætti

BRASILÍA, AP Allar líkur eru taldar á því að Dilma Rousseff standi upp sem sigurvegari í forsetakosningunum í Brasilíu, sem fram fóru í gær. Rousseff yrði með því fyrsta konan til að gegna embætti forseta í landinu. Hún var valin eftirmaður fráfarandi forseta sem hefur notið gífurlegra vinsælda í landinu.

Skoðanakannanir bentu til þessa að Rousseff hefði tuttugu prósent forskot á helsta keppinautinn, Jose Serra. Rousseff þarf hins vegar að ná að minnsta kosti helmingi atkvæða til þess að ná kjöri, annars verður önnur umferð kosninganna haldin í lok mánaðarins. - þeb

Mannræningjar í Mexíkó:

Rændu 22 ferðamönnum

MEXÍKÓ 22 mexíkóskum ferðamönnum hefur verið rænt í ferðamannaborginni Acapulco í Mexíkó.

Ferðamennirnir voru að leita að hóteli þegar þeir voru numdir á brott af vopnuðum mönnum á fimmtudag. Lögreglan segist hvorki vita hvers vegna mönnum var rænt né hverjir standa á bak við ránið. Maður sem tilheyrði hópnun tilkynnti lögreglu um málið. Hann sagði mennina vera starfsmenn á bifvélaverkstæði sem hefðu ætlað í helgarfrí til borgarinnar. Hann hafði farið frá hópnun í stutta stund og þegar hann sneri aftur voru mennirnir á bak og burt. - þeb

Boðað til háværra mótmæla í kvöld þegar forsætisráðherra flytur stefnuræðu:

Eiga að mæta með hávaðatól

MÓTMÆLI Boðað hefur verið til mótmæla á Austurvelli klukkan 19.30 í kvöld. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra flytur stefnuræðu sína á sama tíma og er fólk hvatt til þess að mæta með stóra hljómgjafa til þess að „skapa réttan undirleik og umgjörð“ eins og segir á Facebook-síðu fyrir mótmælin sem ganga undir nafninu Tunnumótmælin.

„Gleymum því ekki að stofnunin sem steypití fjármálakerfinu í glötun fyrir tveimur árum, með vanhæfni sinni og spillingu, steypití lýðræðinu sömu leið í atkvæðagreiðslunni um landsdóm síðastliðinn þriðjudag,“ segir á síðunni, þar sem um þúsund manns hafa skráð sig.

Myndband um mótmælin var sett inn á Youtube í kjölfarið og er því einnig ætlað að hvetja fólk til þess að mæta á Austurvöll í kvöld. Myndbandið ber heitið Power to the People og er samansafn af myndbrotum úr búsáhaldaþingunni og texta.

„Bankarnir afskrifa fyrir auðmenn og fyrrverandi stjórnmalamenn en setja fjölskyldur þúsunda Íslendinga á vonarvöl,“ segir í myndbandinu. „STOPP – hvar sem við stöndum er borgaraleg skylda okkar allra að mótmæla.“



MÓTMÆLI Á AUSTURVELLI Mótmælin síðastliðinn föstudag fóru að mestu friðsamlega fram og mikill fjöldi mætti þegar Alþingi var sett. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Lögreglan hefur ekki ákveðið hvort sérstakur viðbúnaður verði við Alþingishúsið um kvöldið. - sv

LGG+ STYRKIR VARNAR LÍKAMANS

Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnar líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg

EITT VERÐ Í ALLA EÐA 0 KR. NOVA Í NOVA. ÞITT ER VALIÐ!

Nú getur þú valið á milli tveggja leiða hjá Nova: **0 kr. Nova í Nova** sem öll þjóðin ætti að þekkja eða **Eitt verð í alla** – ný leið hjá Nova fyrir þá sem hringja mikið út og suður. Komdu í næstu Nova verslun eða á nova.is og veldu leiðina sem hentar þér og þínu fólki best.

EITT VERÐ Í ALLA!

NÝTT HJÁ NOVA

Eitt verð í alla – þú borgar alltaf sama verð hvern sem þú hringir í eða sendir SMS/MMS, óháð því hjá hvaða símafyrirtæki þeir eru. Gildir í áskrift og frelsi.

STARTGJALD
Í alla farsíma og
heimasíma á Íslandi

5⁹⁰
kr.

MÍNÚTUVERÐ
Í alla farsíma og
heimasíma á Íslandi

9⁹⁰
kr.

SMS/MMS
Í alla farsíma
á Íslandi

9⁹⁰
kr.

0 KR. NOVA Í NOVA!

Viðskiptavinir Nova eru nú yfir **80.000** talsins. Þú getur hringt í þá alla fyrir **0 kr.** – hvort sem þú þekkir þá eða ekki. Gildir í áskrift og frelsi.

NOVA Í NOVA
Símtöl, SMS og MMS

0⁰⁰
kr.

STARTGJALD
Í alla aðra en Nova

5⁹⁰
kr.

MÍNÚTUVERÐ
Í alla aðra en Nova

18⁹⁰
kr.

SMS/MMS
Í alla aðra en Nova

9⁹⁰
kr.

Þú velur áskrift eða frelsi. Í frelsi er ekkert mánaðargjald en í áskrift er mánaðargjaldið 490 kr. og þá fylgir 150 MB netnotkun á mánuði. 0 kr. Nova í Nova: 1.000 mín. og 500 SMS/MMS á mánuði.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

GENGIÐ 01.10.2010

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	112,38	112,92
Sterlingspund	78,02	178,88
Evra	154,26	155,12
Dönsk króna	20,696	20,818
Norsk króna	19,200	19,314
Sænsk króna	6,714	16,812
Japanskt jen	1,3502	1,3580

SDR 175,12 176,16

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
206,3239

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ný könnun um gengislán: Um 65% styðja áform ráðherra

KÖNNUN Nær 65 prósent þeirra sem þátt tóku í þjóðarpóls Gallup eru fylgjandi þeim áformum



um Árna Páls Arnasonar, efnahags- og viðskiptaráðherra, að gera öll gengis-tryggð lán ólög- mæt. Tæplega fimmtungur er því andvígur, og svipaður fjöldi er því hvorki fylgjandi né andvígur.

Vitnað var í niðurstöðum könnunarinnar í fréttum Ríkisútvarpsins. Þar kom fram að þegar eingöngu voru skoðuð svör þeirra sem voru með slík lán hafi um 80 prósent verið fylgjandi áformum ráðherrans. Af þeim sem ekki eru með slík lán styður riflega helmingur áformin.

Öryggisfyrirtæki loka: Afganar leysa upp fyrirtæki

AFGANISTAN, AP Yfirvöld í Afganistan hafa hafist handa við að leysa upp einkarekin öryggisfyrirtæki í landinu. Áður hafði forseti landsins tilkynnt að fyrirtækin yrðu að hætta störfum fyrir lok ársins.

Talið er að þrjátíu til fjórtíu þúsund vopnaðir öryggisverðir starfi í landinu. 52 fyrirtæki eru skráð en mörg þeirra starfa með Bandaríkjastjórn.

Meðal þeirra átta fyrirtækja sem stjórnvöld eru byrjuð að leysa upp er Xe, sem áður hét Blackwater. Blackwater hefur verið gagnrýnt, meðal annars vegna morða á tveimur óbreyttum borgurum í fyrra.

Bandaríkjastjórn hvetur borgara sína til að huga betur að eigin öryggi í Evrópu:

Hætta talin á hryðjuverkum

167 manns að minnsta kosti létust í hryðjuverkaárás í Mumbai 2008.


Ása. Theresa May, innanríkisráðherra Bretlands, sagði í gær hættuna þar óbreytta og miklar líkur á árás. Þá hefur breska stjórnin varað borgara sína við því að ferðast til Þýskalands og Frakklands, þar sem hætta hafi aukist.

Bandaríkin telja að hryðjuverkamenn gætu notað ýmsar aðferðir og vopn til árása. Óttast er að reynt verði að fremja hryðjuverk í líkingu við þau sem voru framín í Mumbai á Indlandi árið 2008.

Aðvörðun Bandaríkjastjórnar er einu stigi neðar en formleg ferðaviðvörðun, en slík viðvörðun myndi líklega hafa í för með sér afbókningar á ferðum til Evrópu.

TAJ MAHAL Í MUMBAÍ Óttast er að hryðjuverkamenn fremji árásir í líkingu við Mumbai-árása árið 2008, þegar ráðist var á hótél og brautarstöð og tæplega 200 manns létu lífið.

NORDICPHOTOS/AFP



Þingið velur sér saksóknara í máli Geirs

Rætt hefur verið við Sigríði J. Friðjónsdóttur aðstoðarríkissaksóknara um að taka að sér starf saksóknara í landsdómsmálinu. Alþingi mun kjósa um málið á miðvikudag. Þingmannanefnd Atla Gíslasonar mun gera tillögu um saksóknara.

LANDSDÓMUR Bæði forseti Alþingis og formaður þingmannanefndar sem lagði til að höfðað yrði mál fyrir landsdómi á hendur fjórum fyrrverandi ráðherra búast við að Alþingi kjósi saksóknara á miðvikudag. Rætt hefur verið við aðstoðarríkissaksóknara að taka starfið að sér.

Hlutverk saksóknarans verður að rannsaka ásakanir á hendur Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, og sækja síðan sakamálið á hendur honum fyrir landsdómi. Einnig verður kosinn annar saksóknari til vara.

Atli Gíslason, formaður þingmannanefndarinnar, segir nefndina ekki hafa komið saman vegna málsins. Hann reiknar með að nefndin geri tillögu til forseta Alþingis um saksóknara á morgun, eða í síðasta lagi á miðvikudag. Forseti Alþingis muni svo bera upp tillöguna.

Atli segir ekki tímabært að gefa upp hvaða einstaklinga hafi verið rætt við, en staðfest hefur verið að rætt hefur verið við mögulega saksóknara um starfið.

„Þetta hefur verið ámalgað við mig,“ segir Sigríður J. Friðjónsdóttir aðstoðarríkissaksóknari. Hún segist ekki hafa gert upp við sig hvort hún muni verða reiðubúin til að taka starfið að sér.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var rætt óformlega við Ragnhildi Helgadóttur, lagaprófessor við Háskólann í Reykjavík, um að taka að sér starf saksóknara eða varasaksóknara. Hún mun hafa hafnað því sökum



KOSIÐ Meirihluti Alþingis samþykkti síðastliðinn þriðjudag að höfða beri mál gegn Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, fyrir landsdómi. Kjósa hefði átt saksóknara á sama tíma, en það verður líklega ekki gert fyrr en á miðvikudag.

anna. Róbert R. Spanó, deildarforseti lagadeildar Háskóla Íslands, segir að ekki hafi verið rætt við sig um að taka að sér starfið, en hann myndi hafna slíku yrði til hans leitað vegna anna í öðrum störfum.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, segist ekki reikna með atkvæðagreiðslu fyrr en á miðvikudag, þar sem stefnuræða forsætisráðherra verði flutt í dag, og mælt fyrir fjárlögum á morgun.

Ekki er ljóst hvaða aðferð verður höfð við að velja saksóknarann. Ásta segir mögulegt að sama aðferðafræði verði viðhöfð og þegar umboðsmaður Alþingis er

kosinn. Þá skrifa þingmenn nafn þess manns sem þeir vilja kjósa á blað. Þá hafa flokkarnir yfirleitt rætt fyrirfram hvaða einstakling þeir muni styðja til starfans.

Á sama tíma og Alþingi kys saksóknara og varasaksóknara verður kosin fimm manna þingnefnd sem vera á saksóknaranum til aðstoðar, og fylgjast með framvindu mála.

Ásta segir að samkvæmt lögum verði þingnefndin kosin með hlutfallskosningu á Alþingi. Það þýðir að Samfylkingin fær tvo menn í nefndina, og Vinstri græn, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur einn mann hver flokkur.

brjann@frettabladid.is

Hollvinir mótmæla harðlega: Niðurskurður skapar óvissu

MÓTMÆLI Hollvinir Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja (HSS) mótmæla harðlega tillögum um niðurskurð á framlagi ríkisins til rekstrar HSS fyrir næsta ár. Tillögurnar leiði til þess að þjónustan við sjúklinga og fæðandi konur færast til Reykjavíkur sem skapar óryggi og óvissu.

Fram kemur í tilkynningu frá Hollvinum HHS að framlög ríkisins, í samanburði við önnur sjúkrahús, hafa verið hlutfallslega lægst til HHS og ekki hefur verið tekið mið af nærveru þess við Keflavíkurflugvöll. Suðurnesjamenn eru hvattir til mótmælaáðgerða.

Fótboltið missir stjórn á sér: Dómari grýttur og kýldur í leik

SVÍÐJÓÐ Fótboltadómari var grýttur og áreittur af fótbolta-liðinu Heleneholm SK eftir að hafa rekið mann af velli í leik. Eftir brottvísunina misstu allir liðsmennirnir stjórn á skapi sínu, hlupu óskrandi af bekknum og sóttu að dómaramum með spörkum og höggum. Kemur þetta fram á fréttavef Aftonbladet.

Dómariinn hrökklaðist af vellinum við ofbeldið en þá köstuðu liðsmenn steinum og öðru lauslegu á eftir honum. Hann náði að leita sér skjóls í búningsklefa þar til lögregla skarst í leikinn.

Carsten Reuter Gard, stjórnarmaður Heleneholm SK, segir atvikið hörmulegt og vonast til þess að enginn af leikmönnum muni spila áfram með liðinu.

- sv

5.050 KR
Freshmint, Whitemint og Classic 210 stk pk.

Lækkaðu lyfjakostnaðinn

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

Opið mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

LYFJAVER
APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

HVASST Í VEÐRI í dag hvessir heldur er liður á daginn enda kröpp lægð á leið upp að landinu. Búast má við stormi á Vestfjörðum um tíma á morgun en síðan lægir smám saman og verður vindur orðinn hægur víðast hvar á miðvikudaginn, síst NV-lands.

Á MORGUN 6-18 m/s
Hvassast á Vestfjörðum.

MIÐVIKUDAGUR Strekkingur NV-til, annars hægar.

HEIMURINN

Alicante	27°
Basel	18°
Berlín	17°
Billund	15°
Frankfurt	21°
Friedrichshafen	23°
Gautaborg	15°
Kaupmannahöfn	15°
Las Palmas	24°
London	19°
Mallorca	27°
New York	15°
Orlando	28°
Ósló	12°
París	19°
San Francisco	17°
Stokkhólmur	14°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

SÚPERDÍLL

NOKIA 5230 **SNERTISÍMI** **OG 5.000 KR.** **SÍMNOTKUN** **HJÁ NOVA!**

Súperdíll er fyrir súpernotendur sem vilja vera með öflugan og góðan farsíma. Komdu við í næstu verslun Nova og gerðu Súperdíll.



SÚPERDÍLL

Nokia 5230 og 5.000 kr. símnotkun á mánuði!

Þú getur notað farsímann fyrir 5.000 kr. á mánuði í alla farsíma og heimasíma á Íslandi.

Verð:

5.990 kr./mán. í 12 mán.

Greitt með kreditkorti + 250 kr./mán. greiðslugjald.

Gildir með Nova áskrift og frelsi. 5.000 kr. afsláttur af símreikningi í áskrift en 30 daga áfylling í frelsi. Sérstaklega er greitt fyrir símtöl í þjónustunúmer eins og 118 og 900 númer, símtöl og SMS/MMS í erlend símanúmer og notkun erlendis.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

KJÖRKASSINN



Á að halda friðsamlegum mót-mælum við Alþingi áfram?

Já 84,3%
Nei 15,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Óttast þú að hryðjuverk verði framin hér á landi?

Segðu þína skoðun á vísiris

vísir

Milljarður sparaður með styttingu orlofs og lækkuðum hámarksgreiðslum:

Fæðingarorlof skorið niður

HEILBRIGÐISMÁL Fæðingarorlof styttest og hámarksgreiðslur lækka samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs. Draga á úr útgjöldum sjóðsins um einn milljarð króna. Lagt er til að foreldrar sem eru utan vinnumarkaðs, eða í minna en 25 prósent starfi, fái herra framlag en nú er greitt út til þeirra.

Guðlaug Einarsdóttir, formaður Ljósmeðrafélags Íslands, segir að nú þegar séu Íslendingar með stysta fæðingarorlof af íbúum Norðurlanda. Styttra fæðingarorlof samræmist engan veginn til mælum heilbrigðisfyrvalda um



KVENNADEILDIN Fæðingarorlof á Íslandi er nú þegar styttra en á öðrum Norðurlöndum segir formaður Ljósmeðrafélagsins.

brjóstgjöf og umönnun ungbarna. Skerðing á greiðslum úr orlofs-

sjóði er einnig talin geta haft skaðleg áhrif á jafnréttismál. Nýlega greindi fréttastofa Stöðvar 2 frá því að mun færri feður taka orlof eftir að greiðslur lækkuðu síðustu áramót.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar í félags- og tryggingamálanefnd, telur hæpið að hægt sé að skera niður meira á þessu sviði. Hún segir mikilvægt að engar ákvaðanir séu teknar fyrr en búið er að kanna hvaða áhrif niðurskurður á greiðslum úr fæðingarorlofssjóði hefur haft á þátttöku feðra. - kdk

Grunaður um innherjasvik: Mál Baldurs til ríkissaksóknara

LÖGREGLUMÁL Rannsókn sérstaks saksóknara á meintum innherjasvikum Baldurs Guðlaugssonar, fyrrverandi ráðuneytisstjóra, er lokið og hefur málið verið sent til ákærumeðferðar hjá ríkissaksóknara. Ákvörðunar um saksókn er að vænta fljótlega. Rannsóknin hefur staðið yfir í rúm ár. Baldur er grunaður um að hafa, í krafti stöðu sinnar sem nefndarmaður í samráðshópi um fjármálastöðugleika, búið yfir vitneskju um stöðu Landsbankans sem markaðurinn hafði ekki. - þþ

FRÉTTAVIDTAL: Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra

Ekki norræn velferð að setja ríkissjóð á hausinn

Steingrímur J. Sigfússon mun mæla fyrir því sem hann kallar erfiðustu fjárlög fyrr og síðar á morgun. Skera þarf verulega niður í rekstri ríkisins og segir Steingrímur margar afar þungbærar ákvarðanir um niðurskurð liggja fyrir.

Boðaður hefur verið 33 milljarða króna niðurskurður á fjárlögum ríkisins á næsta ári. Þrátt fyrir það er áætlað að halli á ríkissjóði verði um 75 milljarðar króna. Stefnt er að því að fjárlög verði hallalaus árið 2012 og afgangur verði á fjárlögum ársins 2013.

Gagnrýnt hefur verið að ríkisstjórnin ætli sér að skera of mikið niður, og ná fjárlögum á núllið of hratt. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir að það sé mat á heildarskuldabætur ríkisins sem kalli á að farið sé í harkalegan niðurskurð. Stöðva verði skuldasöfnunina svo skuldabyrðin verði ekki of þung og skuldirnar verði sjálfbærar.

„Hallarekstur af þeirri stærðargráðu sem er búin að vera 2008, 2009 og 2010 þolum við ekki í mörg ár. Við eigum ekki val um annað en að ná hallanum umtalsvert niður. Þeim mun betur sem okkur gengur í því þeim mun frekar getum við látið það eftir okkur að endurmeta hvernig við klárum verkefni,“ segir Steingrímur.

Hann segir að miðað sé við að vaxtakostnaður ríkisins verði ekki meiri en hann sé á þessu og næsta ári, um 15 til 16 prósent af heildarútgjöldum ríkisins.

Mikil óvissa í öllum spám

Gagnrýnt hefur verið að fjárlög-in byggja á þjóðhagsspá frá því í júní, þar sem gert er ráð fyrir því að fyrsti áfangi álvers í Helguvík verði kominn í notkun. Steingrímur segir að ný spá sé væntanleg í nóvember, og ekki sé annar kostur en að byggja á þeirri spá sem nú liggja fyrir. Ekki sé hægt að taka ákveðna þætti þar út.

„Þó að vissulega hafi einstök stór verkefni eins og Helguvík visst vægi fer fjárlögum á það sé þetta eina sem skipti máli varðandi þjóðhagshorfur,“ segir Steingrímur. Þannig hafi ekki verið reiknað með jafn miklum fjárfestingum í álverinu í Straumsvík og nú sé stefnt að, og ýmis önnur meðalstór verkefni séu í pípuunum. Aukning sé í ferðaþjónustunni og mikil verðmæta-sköpun í sjávarútvegi.

Steingrímur bendir á að allar spár séu háðar mikilli óvissu um þessar mundir. Frekar ætti að horfa til óvissu vegna þess að kjarasamningar séu lausir í haust en óvissu vegna Helguvíkur.

Á mótmælafundi á Austurvelli við setningu Alþingis var meðal



ÓVISSA Bent hefur verið á vankanta á þeirri þjóðhagsspá sem fjárlög ársins 2011 byggja á. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir mikla óvissu fylgja öllum spám, og fjárlögin verði uppfærð miðað við nýja spá í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/CVA

annars spurt um hina margfrægu skjaldborg um heimilin, en hennar sér vart stað í niðurskurðarfjárlögum sem kynnt voru á föstudag.

Velja illskástu leiðirnar

„Það er auðvelt að bera upp slíkar spurningar, og við erum ekki að reyna að fela að þetta eru mjög erfið fjárlög, kannski þau erfiðustu fyrr og síðar, því þau bætast ofan á það sem á undan hefur gengið árin 2009 eða 2010. Nú sjáum við svart á hvítu hversu erfið þau eru. Þetta eru mjög sársaukafullir og þungbærir hlutir sem við verðum að gera ef við ætlum að ná tökum á ríkisfjármálunum,“ segir Steingrímur.

„Það er auðvelt að velja hvað sem er í þessu frumvarpi og segja að þetta sé vont og ósanngjarnt, en það er ekki hægt að slíta þetta úr samhengi við þann efnahagslega veruleika sem við erum að glíma við,“ segir Steingrímur. Ætli stjórnvöld að draga úr hallanum verði að skera niður, hækka skatta eða gera hvort tveggja.

„Við erum að reyna að fara illskástu leiðirnar við okkar þröngu aðstæður. Ég held að þeir sem horfa heidarlega á þetta hljóti að komast að þeirri niðurstöðu að það séu fáir góðir kostir í boði,“ segir Steingrímur.

„Menn spyrja um velferðina og hvernig við getum lagt nafn okkar við þetta sem viljum starfa í anda norrænnar velferðarstjórnar. Þá segi ég á móti; væri það í þágu framtíðarvelferðar í landinu að ná ekki tökum á ríkisfjármálunum? Hvað þýðir það fyrir velferðina í framtíðinni ef við setjum ríkissjóð á hausinn?“

Steingrímur segir tillögur í fjárlögum um endurskipulagningu sérhæfðu heilbrigðisþjónustunnar mjög róttækar. Draga á verulega úr sjúkrahússtarfsemi á smærri heilbrigðisstofnunum og færa hana á færri staði. Hann segir að núverandi kerfi sé mjög dýrt.

„Ég tel að í grunninn sé þessi

stefna mjög skynsamleg. Við þurfum að spara eins og við mögulega getum, en því fylgir auðvitað mikill fórnarkostnaður. Hvort hægt er að fara svona bratt í þetta verður að koma í ljós. Það er verið að fara yfir það í heilbrigðisráðuneytinu,“ segir Steingrímur.

„Það er engin góð leið í þessu, og menn segja gjarnan líka að flat-ur niðurskurður á alla sé langt frá því að vera skynsamlegasta leiðin. Menn verða að hafa kjark til að forgangsraða og endurskipuleggja. Það eru heilbrigðisfyrirvöld að reyna að gera þarna.“

Biða skýrslu um afskriftir

Hagsmunasamtök heimilanna og fleiri hafa lagt til að vísitala neysluverðs verði færð niður til þess sem hún var fyrir hrún, og þak sett á verðtrygginguna. Steingrímur segir þetta vissulega skaðað, en eins og aðrar almennar aðgerðir geti þetta þýtt að mikill kostnaður leggist á ríkissjóð, og þar með skattgreiðendur. Engum lausnum sé hafnað, en sú stefna hafi verið mörkuð að vinna frekar á grundvelli sértækra lausna.

Ítrekað hafa verið sagðar fréttir af stórfelldum afskriftum á skuldum fyrirtækja, en minna fer fyrir afskriftum á skuldum einstaklinga. Steingrímur segir ekki á borðum ríkisstjórnarinnar hvernig bankarnir hafi undið ofan af sínum málum. Auðvelt sé að gagnrýna allt sem gert sé, sama hvaða leið verði fyrir valinu.

Von er á skýrslu eftirlitsnefndar sem fylgist með því hvernig bankarnir vinna úr þessum málum, segir Steingrímur. Hún muni vonandi leiða betur í ljós hvernig þessum afskriftum hafi verið háttað.

Brjann Jónsson

brjann@frettabladid.is



Náttúruleg vellíðan

ERTU MEÐ VIÐKVÆMA HÚÐ?

Finnur þú fyrir þurrki í leggöngum, kláða, sveppasýkingu eða færðu sár við notkun dömubinda? Prófaðu þá Natracare lífrænar hreinlætisvörur, án klórs, ilm- og plastefna.

natracare®
LÍFRÆNAR HREINLÆTISVÖRUR

www.natracare.is

FJÁRMÁL

Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is

Fræðsla fyrir þig

Reykjavík – 5. okt.
Verðtrygging og sparnaður
Borgartún 19
Fyrirlesari
Breki Karlsson

Reykjavík – 6. okt.
Lífeyrismál á mannamáli
Borgartún 19
Fyrirlesari
Theódór Friðbertsson

Boðið er upp á táknaáskráningu

Skráðu þig á arionbanki.is.
Allir velkomnir - Ókeypis aðgangur.

Fundirnir hefjast kl. 17:30 og standa yfir í 90 mínútur.

Arion banki

Hringdu í síma

512 5060

ef blaðið berst ekki

FRÉTTABLAÐIÐ

Reiknað fyrir september



TOYOTA

Rafn Óttar Stefánsson
Málningar- og réttingaverkstæði Toyota



Toyota - Bara lausnir

Við eigum líf fyrir utan vinnuna. En okkar einbeitti þjónustuvilji, hæfni og kunnátta, fylgir okkur hvert sem við förum. Í stað þess að einblína á vandamálin finnum við lausnir.

Komdu við hjá næsta viðurkennda þjónustuaðila Toyota þegar þú vilt fyrsta flokks þjónustu.

Toyota á Íslandi
Nýbýlavegi 2
Kópavogur
Sími: 570-5070

www.toyota.is

**Today
Tomorrow
Toyota**

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða þrjú kjötvinnslufyrirtæki hafa sæst á að greiða milljóna sektir fyrir brot á samkeppnislögum?
2. Hvaða samgöngumannvirki var vígt um helgina?
3. Hvaða flíkur hefur Jón Gnarr tekið ástföstri við?

SVÖR

1. Slátturfélag Svabíu, Reykjavíkur.
2. Hédinsfjarðargöngur.
3. Tvo jakka frá Privatu.

Opnun Hédinsfjarðarganga: Hundruð gesta viðstaddir hátíð

SAMGÖNGUR Hundruð manna voru við opnun Hédinsfjarðarganga á laugardaginn. Ögmundur Jónasson



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Ögmundur Jónasson samgönguráðherra klippti á borða í Hédinsfirði ásamt Hreini Haraldssyni vegamálastjóra. Athöfnin fór fram í Hédinsfirði þar sem tvenn göng tengja Siglufjörð og Ólafsfjörð.

Verkið hófst í september 2006 og er kostnaður alls kringum 12 milljarðar króna. Eftir opnun var sameining Siglufjarðar og Ólafsfjarðar innsigliuð með því að leggja trefil eftir göngunum.

Umferðarstofa vill auka ábyrgð þeirra sem flytja fatlaða á milli staða:

Lömuð kona slasaðist vegna kæruleysis bílstjóra

UMFERÐARMÁL Slyss við flutning á fatlaðri konu hefur orðið til þess að Umferðarstofa vill endurskoða reglur um ábyrgð ökumanna. Konan, sem er mikið fötluð, slasaðist þegar verið var að flytja hana á milli staða í bíl í mars síðastliðnum. Hjólastóll konunnar var festur í bílinn en konan ekki í stólinn. Hún féll úr stólnum þegar bílstjórinn ók út á afreini. Konan er lömuð og gat því ekki tryggt sig þegar bílinn beygði. Málið er komið til ákærusviðs lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Talið er að reglur

um öryggisbúnað hafi ekki verið brotnar en ákvörðun um framhald málsins hefur ekki verið tekin.

Einar Magnús Magnússon hjá Umferðarstofu segir málið alvarlegt. Hann hafi haft spurnir af þessu máli og til séu fleiri dæmi um sambærileg slyss. Slæmt sé ef bílstjórar átti sig ekki á þeim öryggisbúnaði sem er nauðsynlegur til þess að flytja fatlaða á milli staða.

„Það eru ákveðnir bílar sem eru til þess gerðir að flytja fatlaða og þá á ekki að flytja í öðrum bílum,“



EINAR MAGNÚS MAGNÚSSON

segir Einar sem bendir á að gríðarlega mikilvægt sé að notaður sé réttur búnaður. Einar segir mjög mikilvægt að bæði þeir sem reka akstursþjónustu fatlaðra og starfsmenn skoðunarstöðva séu vel á verði og farið sé eftir þeim reglum sem fram koma í reglu-

gerð um gerð og búnað ökutækja. Samkvæmt núgildandi lögum bera ökumenn ábyrgð á því að farþegar yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað. Einar telur hins vegar nauðsynlegt að skoða hvort ekki þurfi að auka þessa ábyrgð enn frekar þannig að áður en lagt er af stað beri ökumenn jafnframt ábyrgð á því að fatlaðir farþegar á öllum aldri noti réttan öryggisbúnað í þeim tilfellum þar sem þeir geti ekki sjálfir axlað þá ábyrgð einir og óstuddir.

- sbt

Sauðfjarveikivarnarlínur endurskoðaðar:

Reyðarfjarðarlína verður endurreist

LANDBÚNAÐUR Ákveðið hefur verið að endurreisa sauðfjarveikivarnarlínu sem liggur upp úr Reyðarfirði vegna garnaveiki sem kom upp í Fáskrúðsfirði í vetur.

Þetta er meðal þess sem kom fram í svari Jóns Bjarnasonar landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar, þingmanns Framsóknarflokksins, á Alþingi í síðustu viku.



Matvælastofnun lagði niður allnokkrar varnarlínur undir lok síðasta árs í hagræðingarskyni, en sú ráðstöfun fékk misjafnar undirtektir sauðfjársæðna. Þeir settu fram fjórþættar kröfur í greinargerð til ráðuneytisins.

Ráðuneytið tók tillit til kröfu bænda um að Reyðarfjarðarlína væri sett upp að nýju, en hafnaði því að endurreisa línu við Hornafjörð. Hins vegar sagðist ráðuneytið reiðubúið að koma til móts við bændur vegna viðhalds girðinga milli hólfa sem hafa verið aflögð. Þá vill ráðuneytið vinna að því að upplýsingar um sjúkdóma á einstökum búum séu gerðar aðgengilegar.

Tillaga um að gera Reyðarfjarðarlínu að allríni á ný er á lokastigi, en hefur tafist vegna ágreinings við landeigendur í Reyðarfirði, sem telja línuna skerða nýtingarmöguleika sína.

Fimmta hver plöntutegund í hættu

Ein af hverjum fimm plöntutegundum jarðar er í útrýmingarhættu, samkvæmt nýrri rannsókn sem er sú fyrsta sinnar tegundar. Mestu munar þar um áhrif manna á lífsskilyrði þeirra. Þetta er álíka hátt hlutfall og meðal dýrategunda.



Fimmta hver planta í hættu

Meira en 80 þúsund plöntutegundir á jörðinni í útrýmingarhættu. Samkvæmt nýrri rannsókn stafar mesta hættan af verkum manna hér á jörðu. Íslenskar plöntur voru skoðaðar, en reyndust ekki í hættu.

NÁTTÚRAN Samkvæmt nýrri breski rannsókn er fimmta hver plöntutegund á jörðinni, alls meira en 80 þúsund tegundir, í útrýmingarhættu.

Meðal þeirra plantna sem í helst eru sagðar í hættu eru Amazonlilja, Wollemi-furan og dvergpálminn á Madagaskar.

Rannsóknin fór þannig fram að valdar voru af handahófi um sjö þúsund plöntutegundir, um 1.500 úr hverjum hinna fimm helstu plöntuhópa jarðar. Upplýsinga var aflað um allar þessar plöntutegundir og út frá þeim upplýsingum lagt mat á hvort tilvera þeirra væri í hættu.

Rannsóknin var gerð á vegum Kew Gardens, sem er konunglegi breski grasagarðurinn í London, í samvinnu við Náttúrusögusafnið í London og alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin IUCN.

Tólf íslenskar plöntur lentu í úrtakinu, en engin þeirra reyndist í áhættuhópi.

„Allar tegundir sem hér eru til finnst líka annars staðar á jörðinni, þannig að þó þær séu sjaldgæfar á Íslandi geta þær verið

algengar annars staðar,“ segir Starri Heiðmarsson, fléttufræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands. Ein tegund er þó hvergi til nema hér á landi og í Færeyjum. Það er maríuvöttur, en hún vex víða á Austurlandi og er að sögn Starra ekki í hættu.


Á jörðinni er vitað um 380 þúsund plöntutegundir, en þessi tala er ekki endanleg því fullvíst þykir að margar tegundir séu enn ekki kunnar mönnum.

Rannsóknin sýndi að mesta hættan, sem steðjar að plöntum jarðar, er brölt og athafnasemi manna. Mannanna verk hafa bein áhrif á tilvistarmöguleika þriðjungs þeirra plantna, sem metnar eru í útrýmingarhættu.

„Það eina sem er öruggt í þessu lífríki er að tegundir deyja út,“ segir Starri og gerist heimspeki- legur í tali. „Það er bara spurning hvað það gerist hratt.“

Almennt virðast náttúrufræðingar sammála um að á okkar tímum sé hraðinn meiri en áður hefur þekkt í gjörvallri jarðsögunni.

gudsteinn@frettabladid.is



VERÐ 87.500 KR.*
 Á MANN Í TVÍBYLI
 (AUKAGJALD FYRIR
 EINBYLI: 10.700 KR.)

KAUPMANNAHÖFN
 AÐVENTUFERÐIR
 FYRIR ELÐRI BORGARA

Það verður glatt á hjalla í aðventuferð eldri borgara til Kaupmannahafnar 28. nóvember til 1. desember. Icelandair skipuleggur ferðina í samstarfi við Landssamband eldri borgara og Hótelbókanir í Kaupmannahöfn. Fjórðir dagar af dægilegri skemmtun í bland við sögulegan fróðleik undir dyggri fararstjórn Emils Guðmundssonar.

+ Bókanir á www.icelandair.is/hopar (númer hópsins er 1271) og nánari upplýsingar hjá hópadeild Icelandair í síma 50 50 406 eða með því að senda tölvupóst á hopar@icelandair.is

HOTELBOKANIR.IS

ICELANDAIR
 WWW.ICELANDAIR.IS

*Innifalið: Flug með Icelandair ásamt flugvallarsköttum, gisting í tvíbyli á Hótel Absalon í brjár nætur með morgunverði. Rútuferðir til og frá flugvelli, í Jónshús, á „Fisketorvet“ og til Nýhafnar. Sigling um síkin og saga jassins sögd og leikin. Skoðunarferð um Kaupmannahöfn, aðgöngumið í Tivoli, „Julefrokost“ á Restaurant Kronborg og fararstjór.

Betri
möguleikar
- í öryggi!

Við sjáum um framtíð barnanna þinna
- rétt eins og hún væri okkar eigin



Það munar um hvert ár ef þú vilt gefa börnunum þínum bestu forsendur til að koma undir sig fótunum sem sjálfstæðir þjóðfélagsþegnar. Því fyrr sem þú byrjar þeim mun betra. Með söfnunartryggingu leggur þú grunninn að fjárhagslegu sjálfstæði barna þinna.

Mikilvægt er að hafa traustan samstarfsaðila sér við hlið. Einhvern sem þú getur treyst fyrir peningunum þínum! Þetta öryggi býður Bayern-Versicherung sem tilheyrir Versicherungskammer Bayern, stærstu opinberu tryggingasamtæðu Þýskalands.

Versicherungskammer Bayern er meðlimur í sambandi fjármálafyrirtækja þýsku sparisjóðanna (Sparkassen-Finanzgruppe) sem er farsælasti samstarfs-vettvangur á sviði fjármálaþjónustu í Þýskalandi og með um 50 milljónir viðskiptavina.

Sterk fjárhagsstaða og ströng fyrirmæli í þýskum lögum gera Bayern-Versicherung kleift að uppfylla tryggingaskuldbindingar sínar fyrirvaralaust hvenær sem er.


Nánari upplýsingar um þjónustuframboð okkar er að finna á www.sparnadur.is eða þú hringir einfaldlega í einn af okkar vottuðu ráðgjöfum hjá Sparnaði – við hlökkum til að heyra í þér í síma 577-2025.



SPARNADUR

Umboðsaðili Bayern-Versicherung sem er meðlimur
í fyrirtækjasamtæðunni Versicherungskammer Bayern
Holtasmári 1, Kópavogur • Kaupvangsstræti 1, Akureyri
Sími: 577 2025 • sparnadur@sparnadur.is
www.sparnadur.is

VER | SICHER | UNGS
KAMMER
BAYERN

 Finanzgruppe



GEIMFARINN Geimfarinn Scott Kelly leit í kringum sig á safni í geimstöð í Kasakstan um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Haustþing sjálfstæðiskvenna: Bankar skekki ekki samkeppni

STJÓRNMÁL Nauðsynlegt er að unnið verði að virkum hlutabréfa-markaði og öflugri kauphallarstarfsemi til að tryggja að þau fyrirtæki sem nú eru í umsjón banka komist aftur út á almennan markað, segir í ályktun sem samþykkt var á haustþingi Landsambands sjálfstæðiskvenna sem fram fór á laugardag.

- bj

Hagsmunahópar fjármagna Evrópusambandsbaráttuna

Íslensku nei og já samtökin gagnvart ESB-aðild þiggja bæði meirihluta framlaga sinna frá hagsmunahópum. Heimssýn fær mest úr sjávarútvegi og landbúnaði. Sterkara Ísland frá iðnaði og útflutningsgreinum.

EVROPUMÁL Já og nei samtökin íslensku, gagnvart ESB-aðild landsins, fjármagna sig að mestu leyti með framlögum hagsmunahópa í atvinnulífinu.

Mestu fjárframlögin til Heimssýnar, sem berst gegn inngöngu, koma úr sjávarútvegi og landbúnaði. Sterkara Ísland, sem berst fyrir inngöngu að gefnum góðum aðildarsamningi, fær mest frá iðnfyrirtækjum, þjónustu- og útflutningsgreinum.

Heimssýn hefur ríflega þrefalt fleiri félaga á bak við sig.

Þetta er byggt á upplýsingum frá fulltrúum samtakanna, þeim Páli Vilhjálmssyni fyrir Heimssýn og Bryndísi Ísfold Hlöðversdóttur fyrir Sterkara Ísland.

„Þetta eru ekki miklir peningar. Veltan 2009, sem var stökk upp á við frá fyrra ári, var sex til átta milljónir, minnir mig. Ég myndi giska á að frá atvinnufyrirtækjum kæmi um sextíu til sjötíu prósent og afgangurinn framlög einstakl-

Í hnotskurn:

■ Heimssýn fær 60 til 70 prósent úr hefðbundnum atvinnugreinum: fiski og landbúnaði.

■ Sterkara Ísland fær um 90 prósent frá iðnaði, þjónustu og útflutningsgreinum.

■ Heimssýn, stofnuð 2002, hefur um 3.500 félaga.

■ Sterkara Ísland, stofnað 2009, hefur um 1.000 félaga.



ÉG PÆKLA MÍNAR TUNNUR Útgerðarmenn og bændur styðja Heimssýn, sem er á móti inngöngu í ESB. Iðnaðar-, þjónustu-, og útflutningsfyrirtæki styðja Sterkara Ísland, sem er hlynnt inngöngu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

inga,“ segir Páll Vilhjálmsson.

Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir segir að velta Sterkara Íslands

(SÍ) liggi ekki alveg fyrir, þar sem starfsemi félagsins hafi ekki verið gerð upp enn þá. En síðan SÍ var

stofnað í október 2009 hafi það eytt um 4,9 milljónum: „Af þeim kostnaði hafa íslenskir lögaðilar greitt um níutíu prósent en einstaklingar um tíu prósent. Félagið er skuldlaust.“

Bryndís Ísfold tekur fram að félagið hafi ekki fengið neina fjárstyrki frá Evrópusambandinu sjálft, eins og andstæðingar aðildar hafi haldið fram.

Páll segir að félagar í Heimssýn, sem hefur starfað frá 2002, séu í kringum 3.500 talsins en Bryndís Ísfold að félögum SÍ hafi fjölgað úr um 400 og í ríflega þúsund síðan í sumar sem leið.

Þess skal getið að samtökin Sterkara Ísland eru eins konar regnhlífarsamtök og innan þeirra eru önnur og eldri félög, hlynnt aðild að ESB.

Í blaðinu hefur áður komið fram að báðar hreyfingarnar njóta ýmiss konar stuðnings frá evrópskum systursamtökum, sér í lagi norskum. klemens@frettabladid.is

Sparnaður í áskrift



Mögulegt að koma í veg fyrir þunglyndi ungs fólks

Með fyrirbyggjandi aðgerðum væri hægt að fækka tilfellum geðsjúkdóma, segir prófessor við læknadeild Harvard. Fjölskyldumeðferð hans er notuð hér á landi. Börn sem alast upp í fátækt þurfa sérstaka athygli.

HEILBRIGÐISMÁL Hægt væri að draga úr tilfellum geðsjúkdóma ef fyrirbyggjandi aðferðum væri beitt, líkt og gert er annars staðar í heilbrigðiskerfinu. Þetta segir William R. Beardslee, geðlæknir og prófessor við barnaspítalann í Boston og læknadeild Harvard-háskóla.

Beardslee hefur lengi unnið að rannsókn-um á fyrirbyggjandi aðgerðum og aðferðum sem tengjast þunglyndi í fjölskyldum. Rannsóknirnar hafa sýnt að mögulegt er að koma í veg fyrir þunglyndistímabil hjá ungu fólki í meiriháttar áhættuhópum, sem sýna merki þunglyndis og eiga þunglynda foreldra. Hann segir að frá því að hann hóf störf árið 1974 hafi verið stöðugar framfarir í þekkingu á því hvað þurfi að gera og hvað virki. „Nú þarf að koma þessum aðferðum í umferð sem víðast. Hvernig getum við gert þetta þannig að allar fjölskyldur hafi aðgang að þessu?“

Ein aðferð Beardslees, sem nefnist á íslensku fjölskyldubruín, er notuð hér á landi fyrir fjölskyldur þar sem foreldri glímir við þunglyndi. Meðferðaraðilar hitta fjölskyldur sex sinnum og svo í eftirfylgni sex mánuðum síðar.

„Við höfum boðið upp á þetta inni á spítalanum, að mestu leyti inni á geðsviðinu,“ segir Gunnlaug Thorlacius, félagsráðgjafi á Landspítalanum. „Við erum pínulítið að færa út kvíarnar núna og höfum verið að þjálfa upp fólk á krabbameinsdeildum og beina sjónum að fólki með alkóhól- og fíkniefnavanda, en að mestu leyti eru þetta foreldrar með geðsjúkdóma.“

Úrræðin takmarkast þó við það að foreldrar þiggi þjónustu á geðsviði spítalans. „Það er fullt af börnum úti í samfélaginu sem eiga foreldra með vægar eða jafnvel alvarlegar geðraskanir en foreldrar þiggja ekki þjónustu. Nú stöndum við frammi fyrir því hvernig við getum menntað fólk innan barnaverndarkerfisins, félagsþjónustunnar, á heilsugæslunni og á landsvísu sem getur hjálpað þessum börnum,“ segir Gunnlaug. Hún segir nauðsynlegt, ekki síst í því ástandi sem ríki á Íslandi, að veita áhættuþáttum eins og fátækt athygli. Undir það tekur Beardslee. „Allir sem vinna í þessu eru mjög meðvitaðir um að fátækt verður að veita athygli, meiri líkur eru á því að börn sem alast upp í fátækt fái þunglyndi.“

thorunn@frettabladid.is



BEARDSLEE Það var Geðverndarfélag Íslands sem fékk Dr. Beardslee til landsins, en félagið fagnar sextíu ára afmæli um þessar mundir. Hann hélt fyrirlestur um rannsóknir sínar í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þýskur Evrópuþingmaður: Tyrkland komi í EES-samstarfið

EVROPUMÁL Tyrkland og Úkraína ættu að fá svipaða stöðu og Noregur hefur innan ESB, segir Evrópuþingmaðurinn Elmar Brok í samtali við síðuna Euractiv.

„Evrópska efnahagssvæðið er ekki lokaðar dyr. Þaðan komust Svíþjóð, Finnland og Austurríki inn í ESB, og nú er Ísland að semja úr sömu stöðu um að verða aðildarríki. Því getur [EES] verið séð sem lokaskref, en einnig sem milliskref,“ segir þingmaðurinn.

- kóp

HÚNAVATNSSÝSLA

Minnismerki afhjúpað

Kvennaband Vestur-Húnavetninga hefur látið útbúa minningar- og upplýsingaskilti um Vatnsenda-Rósu við Vatnsenda í Vesturhópi. Var þetta gert í tilfelli af 155 ára dánardegi Rósu.

NOREGUR

Lætur af embætti í Noregi

Dagfinn Høybråten, leiðtogi kristilegra demókrata í Noregi, hefur tilkynnt að hann muni ekki sækjast eftir endurkjöri á landsfundi flokksins næsta vor. Þá ætlar hann einnig að hætta á þingi. Hann hefur verið formaður flokksins síðan árið 2004.

Þegar þú greiðir niður yfirdráttinn þá lækkum við vextina hjá þér

Að greiða niður yfirdráttinn með samningi við Íslandsbanka er einhver besti sparnaður sem völ er á því þú lækkar vaxtakostnaðinn svo um munar.

Dæmi*

Yfirdráttur 360.000 kr.
Mánaðarlækkun yfirdráttar 15.000 kr.
Fjöldi mánaða 24


Vaxtakostnaður lækkar vegna þess að yfirdrátturinn minnkar og vegna þess að vaxtaþrósentan lækkar.

Lægri vaxtaþrósentan 12.188 kr.
Lækkandi yfirdráttur 43.125 kr.
Sparnaður á tímabili 55.313 kr.

Þú færð nánari upplýsingar á islandsbanki.is og hjá ráðgjafa í þínu útibúi.

*Í dæminu er miðað við að yfirdráttarvextir lækki úr 12,50% í 9,25%.

Lækkaðu yfirdráttinn



islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000


Íslandsbanki

Hin árlegu Ig-Nobel-verðlaun veitt við mikla kátínu viðstaddra:

Rannsaka hor úr hvöllum

VÍSINDI Hin árlegu lítillsvirðingarverðlaun Ig-Nobel voru afhent í Bandaríkjunum fyrir helgi.

Meðal vinningshafa eru náttúruvísindamenn frá Bretlandi og Mexíkó, sem hafa náð góðum árangri við rannsóknir á hori úr hvöllum. Þessir vísindamenn hafa notað fjarstýrðar þylur með búnaði sem safnar í sig útblæstri úr hvöllum. Flogið er yfir hvalina þegar þeir koma upp á yfirborðið og sætt lagi þegar þeir blása frá sér.

Verðlaunin í hagfræði komu í hlut æðstu stjórnenda kreppufyrirtækjanna Goldman Sachs, AIG, Lehmanbræðra, Bear Stearns, Merrill Lynch og Magnetar fyrir frumlegar aðferðir við fjárfestingar.

Fríðarverðlaun ársins féllu síðan í hlut þriggja breskra vísindamanna, sem hafa fundið staðfestingu þess að sársauki linist við það eitt að blóta hressilega.



EIÐSVARNIR Æðstu stjórnendur Goldman Sachs sverja hér eið á fyrsta degi réttarhaldanna yfir þeim.

NORDICPHOTOS/AFP

Verðlaunin er veitt á hverju ári vísindamönnum sem hafa með rannsóknum sínum veitt fólki ástæðu til þess að „hlæja fyrst, en verða síðan hugsí.“ - gb

Vilja aðgerðir fyrir heimilin:

Skuldir verði leiðréttar

STJÓRN MÁL Ríkisstjórnin verður að grípa strax til almennra aðgerða til að leysa vanda heimila og fyrirtækja, og er Framsóknarflokkurinn tilbúinn í samvinnu um það. Þetta er ein af niðurstöðum haustfundar þingflokks og landsstjórnar Framsóknarflokksins sem haldinn var á laugardag.

Í yfirlýsingu fundarins kemur fram að fljótverkasta og réttlátasta leiðin sé að „leiðréta skuldir heimila og fyrirtækja“ ásamt því að setja þak á verðtryggingu og afnema hana svo í áföngum. - bj



KOSIÐ Í LETTLANDI Þessi kona kaus í þingkosningum í Ríga í Lettlandi um helgina. Samsteypuríkisstjórn landsins hélt velli í kosningunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Byrjendanámskeið í Hot jóga

Nýtt 4 vikna byrjendanámskeið í Hot jóga hefst þriðjudaginn 5. október



Námskeiðið er kennt á þriðjudögum og fimmtudögum klukkan 20:00 – 21:00 í fjórar vikur í senn.

Þátttekendur geta mætt í alla opna tíma á meðan á námskeiðinu stendur.

Eftir námskeiðið fá þátttakendur eina fría viku auk 15% afslátt af kortum.

Upplýsingar og skráning í síma 695-8464 Drífa og 772-1025 Ágústa.

Eða á jogastudio.is



Seljavegur 2 - 101 Reykjavík

www.jogastudio.is - jogastudio@hotmail.com



Ágústa Kollbrún Jónsdóttir
772-1025



Drífa Fíladóttir
695-8464

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...



SUZUKI GRAND VITARA Lögreglan auglýsir einnig eftir bifreið Andrésar sem er Suzuki Grand Vitara 2003 með bílnúmerið LZ-195 og er einnig horfin sporlaust.

Andrés Tómasson hefur verið týndur í tíu daga:

Tvö hundruð manns leituðu um helgina

LÖGREGLUMÁL Rúmlega 200 björgunarsveitar- og lögreglumenn leituðu að Andrési Tómassyni um helgina. Andrés hefur verið týndur í tíu daga og sást síðast til hans föstudaginn 24. september.

Andrés fékk 600 þúsund króna rannsóknarstyrk í júní frá Landsamtökum lífeyrissjóða fyrir meistaraþrófsritgerð við Háskóla Íslands, sem hann vinnur að. Ritgerðin snýr að áhrifum efnahagshrunsins á lífeyrissjóðina hér á landi og hefur Andrés ekki leyst styrkinn út.

Um sjötíu leitarhópar frá sautján björgunarsveitum leituðu í nágrenni höfuðborgarsvæðisins, Borgarfirði og Reykjanesi auk þess sem þyrja Landhelgisgæslunnar flaug meðfram ströndum, götum og bryggjum en án árangurs. Bíll Andrésar, ljósbrúnn Suz-



ANDRÉS TÓMASSON Andrés hefur verið týndur í tíu daga og leituðu rúmlega 200 manns að honum um helgina.

uki Grand Vitara frá 2003 með bílnúmerið LZ-195, er einnig horfin og hefur lögreglan engar vísbendingar fengið frá almenningi þrátt fyrir ítarlegar beiðnir.

Ágúst Svansson, aðalvarðstjóri og stjórnandi leitarinnar, segir óvenjulegt að ekkert spyrjist til fólks í svona langan tíma hér á landi. Hann segir mikilvægast fyrir leitarmenn að finna bílinn því í raun gæti Andrés verið hvar á landi sem er.

„Þetta er svolítið nýtt fyrir okkur. Nauðsynlegast er að hugsa og átta sig á hlutunum og gefa sér engar forsendur,“ segir Ágúst. „En það er skýring á öllu.“

Slysavarnafélagið Landsbjörg hvetur fólk til að athuga vel sitt nærumhverfi, svo sem kjallaraþröppur, bílskúra og fleira og láta lögreglu vita ef sést hefur til Andrésar eða bifreiðar hans. - sv

IBM | COMES TO YOU 2010

Ráðstefna Nýherja og IBM | Hótel Örk 7. október 2010

Helstu IBM sérfræðingar á Norðurlöndum leiða þig inn í framtíðina

- IBM System x Intel netþjónar
- IBM gagnageymslulausnir
- IBM Tivoli afritunar-, aðgangs- og öryggishugbúnaður
- IBM Power, Unix og AS/400 netþjónar

19 erindi frá 10 sérfræðingum IBM, CCP, Arrow, NetApp og Nýherja

Dagskrá og skráning á www.nyherji.is



Nýherji hf. Borgartún 37 Sími 569 7700 www.nyherji.is



BETRI LAUSNIR

Verkalýðsfélög í Króatíu:

Vilja gagnsæi í ESB-viðræður

EVROPUMÁL Ógagnsæið í aðildarviðræðum króatískra stjórnvalda við ESB veldur vonbrigðum, segir Darko Seperic, evrópumálafulltrúi verkalýðsfélaga þar í landi.

Komið hafi í ljós að ríkisstjórn Króatíu noti aðildarviðræðurnar sem skjól óvinsælla aðgerða, án þess að þeirra hafi verið krafist af ESB. Allir flokkar í Króatíu stefna á inngöngu landsins. Samkvæmt skoðanakönnun í ágúst eru 31 prósent landsmanna á þeirri skoðun að ESB-aðild verði slæm fyrir landið. - kóp



MIÐBORGIN Ekki gekk nægilega vel að manna og safna fyrir Rauða krossinn á svæði 101 í Reykjavík um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gengið til góðs um helgina:

Miðborgin gekk óvenju erfiðlega

SAMFÉLAGSMÁL Talið er að um 80 prósent heimila í landinu hafi verið heimsótt á laugardag þegar gengið var til góðs fyrir Rauða krossinn.

Sólveig Ólafsdóttir, deildarstjóri útbreiðslusviðs Rauða krossins, segir söfnunina hafa gengið vel en þó hafi komið á óvart hversu illa gekk að manna miðborg Reykjavíkur og einungis hafi náðst að fara á 60 prósent af svæði 101. En þó komi á móti að stór hverfi eins og Árbærinn og Grafarvogur voru með nærri 100 prósentu mönnum.

Lokatölur úr söfnuninni frá landinu öllu koma í vikunni. - sv

Fundir um stjórnlagabing:

Borgarafundir um allt land

SAMFÉLAGSMÁL Borgarafundir um endurskoðun stjórnarskrárinnar verða haldnir á sjö stöðum á landinu á komandi vikum. Stjórnlaganefnd og landshlutasamtök sveitarfélaga standa fyrir þessum fundum þar sem rætt verður um stjórnlagabing og Þjóðfund 2010 og kallað eftir sjónarmiðum íbúa í hverjum landshluta.

Guðrún Pétursdóttir, formaður stjórnlaganefndar, segir í tilkynningu að tilgangurinn með fundinum sé að kynna endurskoðun stjórnarskrárinnar fyrir fólki og hvetur alla landsmenn til að láta rödd sína heyrast. - þj

Stjórnin ræddi stöðu Íslands:

Forgangsmál að safna gjaldeyri

EFNAHAGSMÁL Styrking gjaldeyrisforðans er forgangsmál í íslensku efnahagslífi að mati Murilo Portugal, varafrankvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) og formanns stjórnar sjóðsins. Þetta kom fram í umræðum stjórnar við þriðju endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands á miðvikudag.

Portugal segir styrkingu forðans forsendu afnáms gjaldeyrisshafna og endurkomu Íslands á alþjóðlega fjármálamarkaði. „Varfærin stjórn peningamála hjá Seðlabankanum, ásamt nýtilkomnum gjaldeyriskaupum, skilar árangri og halda ætti áfram á sömu leið,“ er eftir honum haft í tilkynningu AGS. - óká

Sportís eykur hlutfé með því að Kristinn Már Gunnarsson kaupskýslumaður kaupir þriðjungshlut:

Cintamani-fatnaður í sókn til Þýskalands

VIÐSKIPTI Kristinn Már Gunnarsson kaupskýslumaður í Þýskalandi hefur keypt þriðjungshlut í Sportís ehf., framleiðanda Cintamani útvistarfatnaðarins. „Kaup Kristins felast í hlutfjárukningu sem ætlað er að styðja sókn Cintamani á markaði í Þýskalandi,“ segir í tilkynningu.

Kristinn biðst undan því að segja hversu stór fjárfestingin sé. „En fyrir mig persónulega er þetta risafjárfesting,“ segir hann og vísar bæði til kaupanna og fyrirhugaðs vinnuframlags við að kynna Cintamani-vörumerkið í

Þýskalandi þar sem hann hefur stundað viðskipti síðan 1994. Arctic Group, fyrirtæki Kristins í Düsseldorf, rekur 230 fataverslanir og verslunareiningar víðs vegar um Þýskaland, með vörumerkjum á borð við Oasis, Karen Millen og Coast. Í tilkynningunni um kaupin kemur fram að velta Arctic Group hafi verið 4,6 milljarðar króna árið 2009.

Fram til þessa hafa aðaleigendur Sportíss verið Skúli Björnsson stofnandi fyrirtæksins og Sindri Sindrason. Þeir eiga nú hvor sinn þriðjungshlut.

Kristinn segist stefna að því að koma Cintamani inn í helstu útvistarverslanir Þýskalands. Til að byrja með er stefnt að því að opna nýu Cintamani-verslunareiningar í verslunarmiðstöðvum víðs vegar um landið.

Kristinn segir hlutfjárukninguna og aðkomu hans að fyrirtækinu hugsaða sem skref í útrás Cintamani, en hlutfjárukninguna í Sportís á meðal annars að nýta til frekari vörubrúnaar, bæði fyrir íslenskan og þýskan markað.



KRISTINN MÁR GUNNARSSON Kristinn segir að með hlutfjárukningu Sportíss eigi að nýta sérþekkingu hans og tengsl á þýskum markaði til útrásar Cintamani-merkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

- óká

KAUPTU FRÓN MJÓLKURKEX OG STYDDU INNLENT HJÁLPARSTARF RAUÐA KROSS ÍSLANDS Í LEIÐINNI 10 KRÓNUR AF HVERJUM SELDUM PAKKA RENNA TIL STARFSINS



kemur við sögu á hverjum degi!



Sjálfboðaliðar í 50 deildum um allt land halda uppi innanlandsaðstoð Rauða kross Íslands. Meðal helstu verkefna má nefna Hjálparsmann 1717, Rauðakrosshúsið, fataflokkan, heimsóknarvini, sjúkrafreiðar, skyndihjálparfræðslu, þjónustu og aðstoð við innflytjendur, hælsleitendur, fólk með geðraskanir og ungmennastarf. Einnig má nefna að Rauði krossinn er hluti af almannavörnum og sinnir þar m.a. sálænum stuðningi þegar á reynir.



Rauði kross Íslands

Viðbrögð við niðurskurðartillögum í fjárlagafrumvarpinu eru fyrisjáanleg.

Peningarnir eru ekki til

Viðbrögðin við fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar eru að mörgu leyti fyrisjáanleg. Niðurskurður fjárframlaga snertir marga afmarkaða hagsmuni byggðarlaga, stofnana, atvinnugreina, tekjuhópa o.s.frv. Fulltrúar þessara hópa stíga fram og kvarta undan niðurskurðinum. Fyrir stærsta hagsmunahópinn, almenna skattgreiðendur, talar þó enginn – enda eiga þeir sér engan talsmann og engan umboðsmann.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Þó blasir það við að verði horfið frá umdeildum niðurskurðartillögum, eins og talsmenn sérhagsmunahópanna heimta, þarf annaðhvort að skera niður annars staðar – sem kemur þá við einhverja aðra afmarkaða hagsmuni – eða hækka skattana svo að markmiðin um minni halla á fjárlögnum náist. Eins og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra bendir á í viðtali við Fréttablaðið í dag, er brýnt að þau markmið náist til þess að hægt sé að ná tókum á skuldum ríkissjóðs (skattgreiðenda) og byrja að greiða þær niður.

Ríkisstjórnin hefur nú þegar gengið út á yztu nöf í skattahækkunum. Þær sem komnar eru til framkvæmda hafa þegar haft þau áhrif að hrekja fólk og fyrirtæki úr landi. Verði gengið lengra en þegar er gert í fjárlagafrumvarpinu er raunveruleg hættu á að það hamli þeirri endurreisn atvinnulífsins, sem er svo bráðnaúðsynleg, meðal annars til að skapa ríkissjóði tekjur til lengri tíma.

Niðurskurður hjá sjúkrastofnunum, í bótakerfinu og hjá menntastofnunum er að sjálfsögðu gríðarlega sársaukafullur. En þessir málaflakkar, heilbrigðismál, velferðarbætur og menntamál, taka til sín mikinn meirihluta ríkisútgjaldanna. Það er engin leið að ná árangri í ríkisfjármálum án þess að draga saman útgjöldin til þessara málaflakka. Peningarnir eru ekki til.

Það er orðin útjöskuð klisja að leggja til að skorið verði niður í utanríkisþjónustunni eða kaupum á ráðherrabílum í stað þess að skera niður í velferðarþjónustunni. Þótt utanríkisþjónustan yrði lögð niður (sem er óraunhæft) og ráðherrar færu til vinnu í strætó (sem er ekki fráleit hugmynd) myndi það ekki leysa nema pínulítið brot af þeim vanda, sem við er að glíma í ríkisfjármálunum.

Gagnrýnin á forsendur fjárlaga, að þær séu of bjartsýnar, er réttmæt. Því miður þýðir það enn meiri niðurskurð, reynist gagnrýnin á rökum reist og hagvöxturinn verði minni en gengið er út frá. Í hagvaxtarspánni, sem stuðzt er við, er meðal annars gert ráð fyrir að framkvæmdir við álver í Helgúvík hefjist.

Sjálfsagt er það samvirkuspurning fyrir suma ráðherra ríkisstjórnarinnar og stuðningsmenn þeirra, hvort þeir eigi að greiða fyrir álversframkvæmdum svo hægt sé að koma í veg fyrir enn frekari niðurskurð á þjónustu velferðarkerfisins.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Lífrænt skiptir máli fyrir barnið þitt

Engin erfðabreytt innihaldsefni
Reaktað án notkunar meindýraeiturs

HiPP LÍFRÆNT Kitlar bragðlaukana
Kíktu í helmsókn á www.hipp.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ekki laus við flokkinn

Hjörleifur Sveinbjörnsson, eiginmaður Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, sagði sig úr Samfylkingunni í kjölfar atkvæðagreiðslu Alþingis um landsdóm „í tilefni dagsins“. Sagði hann við fjölmiðla að ekki þyrfti að hafa frekari orð um úrsögnina. Hjörleifur er þó ekki alveg laus við flokkinn. Í dag hefst ljóðþáping í Norræna húsinu í tilefni stofnunar Menningarsjóðsins Kína-Ísland. Hjörleifur er formaður stjórnar sjóðsins en hátíðina setur enginn annar en Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra.



Lífi annarra stefnt í hættu

Netsjónvarp mbl.is spurði þingmanninn Sigmund Erni Rúnarsson út í mótmælin sem urðu við þingsetningu á föstudag. Sagðist hann bera mikla virðingu fyrir friðsömum mótmælum en bæri nánast enga virðingu fyrir því þegar lífi annarra væri stefnt í hættu eins og þarna. Það er nú ekki nema eðlilegt að Sigmundur beri litla virðingu fyrir því þegar lífi fólks er stefnt í hættu en eggjast telst seint til manndrápstillraunar.

un þingsins að dæma var skuldavandi heimilanna fundargestum hugleikinn. Þar segir að grípa þurfi til róttækra aðgerða og enn fremur: „Þegar hafa komið fram hugmyndir úr ólíkum átum um almennar skuldaleiðréttingar. Landssamband sjálfstæðiskvenna krefst þess að þessar hugmyndir verði skoðaðar með það fyrir augum að leiðrétta nú þegar hag og stöðu heimila.“ Sem sagt, skoða ber allar hugmyndir. Þetta innlegg sjálfstæðiskvenna mun sennilega ekki skipta sköpum í umræðu um skuldir.



Allar hugmyndir skoðaðar

Landssamband sjálfstæðiskvenna hélt haustþing sitt um helgina og af álykt-

bergsteinn@frettabladid.is
magnusl@frettabladid.is

HALLDÓR



Pólitískt skipað í stöður?

Stjórnsýsla



Margrét Björnsdóttir
bæjarfulltrúi í Kópavogi

Ef stjórnmálamenn hefðu átt að læra eitt- hvað af hruninu, þá var það, að velja ekki í embætti samkvæmt flokkspólitískum sjónarmiðum. Embættismennirnir Davíð Oddsson, Finnur Ingólfsson og Páll Gunnar Pálsson voru allir skipaðir í embætti út frá flokkspólitískum sjónarmiðum, en ekki hæfni. Allir áttu þeir þátt í að reisa íslensku þjóðinni bálkóst í formi einkavæðs bankakerfis, með liðónýtu slökkviliði.

Ögmundur Jónasson, sem í liðinni viku tók þátt í því leikriti að skipa pólitískan aðstodarmann Jóns Bjarnasonar í eftirsótt embætti í ráðuneyti Jóns, sagði: „Ráðningin er á mína ábyrgð, ég svara einn fyrir það,“ þegar hann var spurður í Fréttablaðinu sl. laugardag um hverjir hafi lagt mat á hæfi hinn þrettán umsækjenda. Á Eyjunninni bætir hann síðan við: „Ég óskaði eftir því að starfsmenn ráðuneytisins færu yfir umsækjendur á faglegum nóttum og Jóhann varð þar hlutskarpastur.“ Hann vildi þó ekki svara því hverjir í ráðuneytinu lögðu mat á hæfi umsækjendanna. Frekari skýringar telur hann sig ekki skulda íslenskum almenningi. Er þetta ekki sama leikritið og þegar Árni Mathiesen var látinn skipa son Davíðs Oddssonar í dómaraembætti, í stað Björns Bjarnasonar, þvert á niðurstöður

valnefndar? Ráðherra er vanhæfur vegna tengsla við tiltekinn umsækjanda og flokksbróðir beggja tekur hlutverkið að sér, til að tryggja hlutleysi. Hver tekur mark á svona?

Af hverju í ósköpunum er ekki drifið í því að samþykka fyrirbyggjandi tillögur um ráðningar hjá hinu opinbera, sem koma eiga í veg fyrir svona. Með skipan óháðra valnefnda og verulega eða algera takmörkun á möguleikum til pólitískrar íhlutunar, eins og loks var gert sl. vetur varðandi ráðningar dómara. Af hverju eru ekki settar reglur sem heimila ráðherrum að ráða sér tímabundið pólitískt valda upplýsinga- fulltrúa og sérfræðinga. Þeir þurfa á þeim að halda, eru stöðugt að ráða sér einhverja slíka, án þess að hafa til þess lagaheimildir og fá regulega bágur fyrir hjá umboðsmanni Alþingis, ákúruur í fjölmiðlum og uppskera fyrirritningu hjá þrautpindum íslenskum almenningi. Nú er hafin önnur umferð hjá Íbúðalánasjóði, mögulega til að reyna að koma Framsóknarkandidáttinum í embættið. Vonandi hlutast nýr ráðherra til um ráðningarferli sem tryggir, að hæfasti umsækjandinn verði ráðinn.

Íslenskt samfélag er að liðast í sundur m.a. vegna vantrausts á stjórnmálamönnum, flokkspólitískar ráðningar eru olía á þann eld.

Siðað samfélag

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur



Alþingishúsið og dómkirkjan við Austurvöll eru ekki kuldalegar og yfirlætisfullar byggingar eins og fylltu Borgartúnið í Bólunni. Þær spjára sig ekki. Þær segja ekki: Sjáid stærðina, sjáid valdið, auðinn, ósnertanleikann – hér uppi erum við, þarna niðri eruð þið. Þetta eru gömul hús; stór þegar þau voru reist en með stækkandi bæ hafa þau minnkað svo að stærð þeirra er einkum í huga okkar. Þetta eru viðkvæm hús og biðja um virðingu. Þau segja „við“ en ekki „þið“, þau segja „samfélag“ en ekki „auðræði“ – „saga“ en ekki „niðurrif“. Næst þegar fólk tekur sér egg eða grjót í hönd til að varpa að Alþingishúsinu mætti það hugleiða hvað það táknar að henda slíku í sjálft tákn þingræðis okkar og lýðræðis.

Aðrir mættu hugleiða hvers vegna svo er komið. Þau sem mótmæla á Austurvelli – eru þau kannski einmitt að berjast fyrir raunverulegu lýðræði, raunverulegu þingræði?

Samhljóða uppgjör Alþingis við Hrunið var í sjálfu sér merkistöndi en gufuðu einhvern veginn upp jafnharðan í sundurþykkju og togi í allar áttir í senn. Uppgjörð féll í skuggann af þessum gömlu vondu áttakastjórnarmálum sem við erum öll ósegjanlega þreytt á en komumst ekki út úr. Í stað þess að uppgjörð færi okkur sannleikann, réttlætið og að lokum langbráðar sættir – sem eru forsenda þess að hægt sé að sameinast í þjóðaráttaki um endurreisn – gæti landsdómsleiðin leitt til þess að við fáum ekkert af þessu.

Og manni leið um stund eins og við hefðum farið einn hringinn enn niður spirallinn.

Lýðræði takk

Það er vafamál hvort Alþingi tekst að endurheimta þá virðingu sem það á skilið fyrr en það endurspeglar vilja og samsetningu þjóðarinnar. Eins og er fer því fjarri. Nú fer vægi atkvæðanna eftir búsetu. Sá sem býr á Siglufirði hefur meira að segja um landstjórnina en sú sem býr í Breiðholti. Kjördæmakerfið gerir það að verkum að á Alþingi og í ráðherrastólum situr fólk sem virðist ekki starfa eftir þeirri tilfinningu að það starfi í umboði þjóðarinnar. Það lítur á sig sem erindreka tiltekinna hagsmunna-

hópa – jafnvel nokkurs konar lobbyista – og það lítur á hlutverk sitt á valdastólum fyrst og fremst að sjá til þess að hagsmunum þessara litlu hópa sé ekki ógnað.

Borgararnir upplifa fullkomnið valdaleysi sitt en aðrir greiðan aðgang að kjötkötlunum. Skeytingarleysið um rétt og rangt og blygðunarlaus fyrirgreiðslan sem fylgir umboðslausum völdum lýsir sér á ýmsan máta. Samhliða ranglátu kjördæmakerfi hefur hér þróast ótrúlegt fyrirgreiðslukerfi í bönkunum við útvalda, og sér ekki fyrir endann á því. Og munum: þetta snýst um kerfi en ekki fólk og við eigum að brjóta niður kerfi en ekki fólk.

Stundum leka fréttir frá heidvirðu fólki innan úr kerfinu: Smábátaútgærdin Nóna, sem gerir út tvo báta og „á“ kvóta upp á 2 milljarða, fékk afskrifaða 2,6 milljarða króna hjá Landsbankanum, sem að sjálfsögðu varðist allra fregna af málinu. Þetta fyrirtæki er í eigu sömu manna og eiga stórútgærdina Skinney-Þinganes og einhvern veginn hefur þessari smábátaútgærd tekist að steypa sér í skuldir upp á 5,3 milljarða króna árið 2008. Þar hefur verið glatt á hjalla. Samkvæmt fréttum voru þessar afskriftir svo færðar til bókar sem hluti af verulegum hagnaði Skinneyjar-Þinganes á síðasta ári.

Misheppnað þjóðfélag

Á meðan stendur fólk í röðum og biður um mat. Það kann að vera að einhverjir í þeim röðum hafi hagað sér óskynsamlega í fjármálum – til dæmis verið svo fávísir að fara að ráðum bankanna um fjármögnun húsnæðisaka sinna. Aðrir kunna að hafa verið enn glannalegri og gert áætlanir sem miðuðust við jafn ótraustar forsendur og gengi krónunnar eða jafnvel áframhaldandi vinnu. Það er eflaust margt í mörgu en hitt er aftur á móti annað mál, að þjóðfélag sem líður það að fólk þurfi að standa í röðum og biðja um mat er í grundvallaratriðum misheppnað þjóðfélag.

Það er einn mælikvarði á siðað samfélag að fólk sem illa er komið fyrir vegna fjárhagsöröugleika þurfi ekki að niðurlægja sig til að brauðfæða sig og sína. Svona biðraðir eftir mat eiga ekki að sjást. Það hlýtur að vera verkefni núverandi ríkisstjórnar að skilgreina nú loksins almennilega hvað þarf til lágmarksframfærslu fjölskyldu hér og sjá til þess í kjölfarið að enginn sé hér undir fátæktarmörkum.

Því eins og góður maður sagði – og dæmið um afskriftirnar á skuldum kvótamillanna sýnir: nógr eru andskotans peningarnir.

SI lýgur með tölum

Vinnuarkaður

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kynningarfulltrúi BSRB



Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, fór mikinn í sjónvarpsfréttum í vikunni og kvartaði undan því að opinberum starfsmönnum hefði fjölgað gríðarlega í kreppunni. Orra taldist til að 20 þúsund störf hefðu tapast á einkamarkaði, en í opinbera geiranum hefði þeim fjölgað um 3.500. Óljóst er hvað framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins gengur til með þessum talnaleik, í það minnsta er morgunljóst að þessum tölum sér hvergi stað í opinberum talnagögnum.

Staðreyndin er nefnilega sú að Hagstofan tekur ekki saman tölur um fjölda opinberra starfsmanna og því eru ekki til tölur um starfandi, þar sem vinnumarkaði er skipt upp í opinberan og einkamarkað. Það truflaði Orra þó ekki í að vitna í tölur Hagstofunnar.

Framkvæmdastjórinn fellur nefnilega í þann pytt að bera saman

tvo ólíka hluti með talnagögnum og fá út þá niðurstöðu sem hentar hans málstað. Þar sem skilgæinguna hans vantar leggur hann saman atvinnugreinarinnar opinbera stjórn-sýslu, fræðslustarfsemi og heilbrigðis- og félagsþjónustu. Hann gefur sér að þetta séu allt opinberir starfsmenn og segir að árið 2008 hafi, réttilega, 51.300 samanlagt unnið í þessum greinum. Árið 2008 var hins vegar tekið í notkun nýtt flokkunarkerfi og ekki er lengur hægt að bera saman tölur frá fyrra flokkunarkerfi til þess sem notað er í dag. Á heimasíðu Hagstofunnar er útskýrt að um tvö mismunandi flokkunarkerfi sé að ræða. Til að bíta höfuðið af skömminni er um úrtakskönnun að ræða, ekki heildartölningu.

Með því að bera þessi tvö ósamberalegu flokkunarkerfi tekst Orra Haukssyni að fá það út að opinberum starfsmönnum hafi fjölgað um 3.500, þegar reyndin er að þeim hefur fækkað. Óljóst er hve mikið, en þeim mun enn fækka samkvæmt nýju fjárlagafrumvarpi.

Vonandi er umgengni Samtaka iðnaðarins um allar tölur ekki jafn frjálslæg og þegar þeir þurfa að tala opinbera starfsmenn niður.

TIL LEIGU

Lágmúli 9
105 Reykjavík

Skrifstofuhúsnæði á 6. hæð

Bjart og vinnuhvetjandi 410 m² skrifstofuhúsnæði í lyftuhúsi. Húsnæðið er allt nýuppgerð – eikarinnréttingar og ljóst steinteppi á gólfum. Núna eru fjórar skrifstofur stúkaðar af með glerveggjum. Góð kaffi- og fundaraðstaða. Húsnæðið er vel staðsett m.t.t. samgangna og næg bílastæði eru við bygginguna.



TIL LEIGU

Höfðabakki 9
110 Reykjavík

Skrifstofuhúsnæði á 3. hæð

Gott 350 m² skrifstofuhúsnæði á 3. hæð. Húsnæðið skiptist í skrifstofur, fundarherbergi, kaffistofu og salerni. Geymsla í sameign. Gott húsnæði með glæsilegu útsýni. Lyfta er í húsinu og næg bílastæði á lóðinni. Laust eftir samkomulagi.



TIL LEIGU

Holtagarðar
104 Reykjavík

Verslunarhúsnæði

Til leigu vandað og gott 3500 m² verslunarrými á 2. hæð, rýmið býður upp á ýmsa möguleika. Góð staðsetning og næg bílastæði. Húsnæðið er laust til notkunar.



TIL LEIGU

Laugavegur 26
101 Reykjavík

Skrifstofuhúsnæði á 3. hæð

Til leigu gott 232 m² skrifstofuhúsnæði á 3. hæð við Laugaveg. Húsnæðið skiptist í fjórar rúmgóðar skrifstofur, tvö fundarherbergi, kaffistofu og snyrtingu. Parket og dúkur á gólfum. Húsnæðið er nýstandsett og tilbúið til afhendingar. Aðkoma er að húsinu frá Grettisgötu. Möguleiki er að leigja bílastæði á lóðinni.


www.reitir.is

REITIR

Vönduð umgjörð fyrir vinnandi fólk



Nánari upplýsingar veitir
Halldór Jensson
840 2100
halldor@reitir.is

Reitir fasteignafélag er stærsta þjónustufyrirtækið á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis á Íslandi. Reitir hafa yfir að ráða fjölbreyttu fasteignasafni sem samanstendur af um 130 fasteignum sem staðsettar eru víðsvegar um landið.



68 **JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** forsætisráðherra er 68 ára í dag. „Við erum á réttri leið, við munum sigrast á erfiðleikum.“



Í SKÓLANUM Í SKÓLANUM... Sveppi var í Fjölbraut Breiðholti og von er á honum í afmælishófið.

Fimm postular eftir í Fjölbraut

Fjölbrautarskólinn í Breiðholti er þrjátíu og fimm ára í dag og heldur upp á það með hófstílltri samkomu í matsalnum sem hefst um klukkan hálf eitt. „Við ætlum að fá okkur afmælsköku og halda smá skemmtun í tilefni dagsins,“ segir Sefán Benediktsson. „Nokkrir gamlir nemandur koma í heimsókn og eflaust rifja einhverjir upp minningar frá skólaárunum og skemmta okkur með ýmsum hætti. Einn þeirra er hinn landsþekkti Sveppi,“ lýsir Sefán Benediktsson, aðstoðarskólameistari FB.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti var sá fyrsti sinnar tegundar á Íslandi. Hann var áfangaskóli og í boði var nám á ýmsum brautum. Skólameistari var séra Guðmundur Sveinsson sem var áður skólastjóri Samvinnuskólans á Bifröst.

Sefán var meðal þeirra sem hófu störf við skólann fyrir þrjátíu og fimm árum sem kennari. „Við vorum kallaðir postularnir, sem byrjuðum hérna af því að skólameistarinn var prestur,“ segir Sefán og hlær við. „Nú erum við bara fimm eftir.“ -gun

ÞETTA GERÐIST: 4. OKTÓBER 1970

Rauðsokkahreyfingin stofnuð

Í dag eru fjörtíu ár síðan Rauðsokkahreyfingin var stofnuð á Íslandi. Rauðsokkahreyfingin kom þó fyrst fram 1. maí 1970 þegar „konur í rauðum sokkum“ gengu saman aftast í 1. maí göngunni með stóra gífsstyttu þar sem á stóð: „Manneskja, ekki markaðsvara.“

Rauðsokkurnar gengu út frá þeirri grunnhugmynd feminísmans að karlar og konur væru í grundvallaratriðum eins, burtséð frá hinum augljósa líffræðilega mun. Konur og karlar ættu því að vera

metnar að sömu verðleikum og hljóta sömu meðferð í samfélaginu. Árið 1974 var mótuð stefnuskrá sem þótti róttæk og yfirgaf hluti kvenna hreyfinguna. Rauðsokkahreyfingin hvarf að lokum árið 1982. Þá yfirgaf stór hluti þeirra sem enn voru eftir, hreyfinguna og stofnaði Kvennaframboð ásamt fleiri konum.

Konur kröfðust jafnréttis. MYND/LIÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



KROSSNESLAUG Vatnavinir Vestfjarða hafa unnið ótulllega að því markaðssetja heilsutengda ferðapjónustu á Vestfjörðum.

MYND/ÚR EINKASAFNI

VESTFIRÐIR OG VATNAVINIR VESTFJARÐA: HLJÓTA EDEN-FERÐAMÁLAVERÐLAUNIN

Frumleg nálgun í ferðamálum

„Við erum alveg í skýjunum, enda er þetta mikil upphefð og viðurkenning fyrir alla sem að verkefninu standa,“ segir Viktoría Rán Ingólfssdóttir, verkefnastjóri Vatnavina Vestfjarða, sem hlutu ásamt áfangastaðnum Vestfjörðum Eden-ferðamálaverðlaunin við hátíðlega athöfn í Brussel nú á dögunum.

Verðlaunin eru árlega veitt áfangastaðum í Evrópu sem þykja nálgast ferðamennsku með frumlegum hætti ásamt því að leggja sérstaka áherslu á sjálfbæra ferðapjónustu. Markmiðið með verðlaunaveitingunni er að auka sýnileika afburða ákvörðunarstaða sem gjarnan eru lítt þekktir. Vatns- og sjávar tengd ferðapjónusta var þemað í ár og voru Vestfirðir á meðal 25 áfangastaða sem voru verðlaunaðir að þessu sinni.

„Verðlaunin fengum við fyrir að þróa ferðapjónustu á Vestfjörðum í átt að sjálfbærni og gæta þess að ganga ekki á umhverfið. Með öðrum orðum fyrir að varpa nýju ljósi á náttúrulegar, sem hafa þótt örllítið sjálfsagðar af heimamönnum og öðrum landsmönnum, fá fólk til að nýta þær á sjálfbæran hátt og tengja við aðra ferðapjónustu á svæðinu til að laða hingað erlenda ferðamenn allt árið um kring,“ segir Viktoría um þátt Vatnavina í verðlaununum, samstarfsverkefni sem efnt var til á síðasta ári í ofangreindum tilgangi.

Fjölbreytt fugla- og dýralíf ásamt fallettri strandlengju áttu að sögn Viktoríu líka sinn þátt í að Vestfirðir urðu fyrir valinu að þessu sinni. „Hún er náttúrulega um 30 til 40 prósent af allri strandlengju landsins

og við höfum verið dugleg að byggja upp afþreyingarmöguleika í kringum hana og kynna, svo sem ævintýraferðir á sjó, sjóstöng, strandveiði og margt fleira,“ segir hún.

En hvaða þýðingu hafa verðlaunin fyrir verkefnið? „Þetta er auðvitað hvatning fyrir alla sem hafa komið nálægt Vatnavinum Vestfjarða til að halda áfram góðu starfi, en við stefnum á að þróa í framtíðinni hágæða heilsuferðapjónustu með uppbyggingu heilsulinda hérna á nokkrum stöðum. Þá er þetta eitt skref í því að Vestfirðir í heild fái umhverfisvottun. Síðast en ekki síst koma verðlaunin okkur betur á framfæri við okkar helsta markhóp, erlenda ferðamenn, og lengja þannig ferðamannatímabilið, sem er eitt af okkar helstu markmiðum.“

roald@frettabladid.is



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Árni Sigursteinsson,
Strikinu 8, Garðabæ,

lést mánudaginn 27. september á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut. Útförin fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 5. október kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartaheill.

Ólöf Eliasdóttir
Eyþór Árnason
Hafþór Árnason
barnabörn og barnabarnabörn.

Sigurbjörg Einarsdóttir
Jónína Ólafsdóttir



Móðir okkar, amma, systir og mágkona,

Kristbjörg Oddný Ingunn Sigvaldadóttir,
Neshaga 4, Reykjavík,

lést á öldrunarlækningadeild Landspítalans í Fossvogi laugardaginn 25. september. Útför hennar verður frá Nes Kirkju þriðjudaginn 5. október kl. 15.00.

Sigvaldi Ásgeirsson
Halldór Ásgeirsson
Margrét Ásgeirsdóttir
Sigurður Gunnar Ásgeirsson
Ingunn Rut Sigurðardóttir
Rakel Rut Sigurðardóttir
Hrefna Sigvaldadóttir
Sigrún Sigvaldadóttir
Aðalheiður Sigvaldadóttir

Kristján Torfason
Gunnar Guðjónsson



Ástkær bróðir okkar, fósturfaðir og frændi,

Bjarni Helgason
Grandavegi 47, Reykjavík,

sem andaðist á heimili sínu þriðjudaginn 21. september, verður jarðsúnginn frá Fossvogskapelli þriðjudaginn 5. október kl. 13.00.

Guðlaug Helgadóttir
Helga Helgadóttir
Sveinn Ólafsson
og aðrir vandamenn.

Ívar H. Friðbjósson
Steinunn Rán Helgadóttir



Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Halldór Bjarnason,

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund 28. september. Útförin verður auglýst síðar.

Anna Guðríður Hallsdóttir
Sigríður Guðrún Halldórsdóttir
Hallur Gunnar Erlingsson
Erlingur Jóhann Erlingsson
og afabörn.

Þorbjörn Gíslason
Valdís Guðbjörnsdóttir
Álfheiður Sigfúsdóttir



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Málverk af sjómanni eftir Gunnlaug Scheving og málverk eftir Louisu Matthíasdóttur verða boðin upp á listmunauppböð í dag klukkan 18 í Gallerí Fold við Rauðarárstíg.



ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt



Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.

Eggert Már Marinósson, gítar- og fiölusmiður, er umkringdur forlata verkfærum á heimilinu.



Hver hlutur á sínum stað

Þegar ég kom heim frá fiölusmíðanáminu sumarið 2007 eftir þriggja ára fjarveru var ekkert að gera hjá mér í byrjun og ég hafði ekki efni á að leigja mér verkstæðispláss. Ég byrjaði því á að setja upp smíðaverkstæði í aukaherbergi heima hjá mér, svo breiddist það út í forstofuna og áfram þaðan inn í stofu. Þannig yfirtók það heimilið smátt og smátt. En ég held því samt snyrtilegu og vil hafa hvern hlut á sínum stað," segir Eggert Már Marinósson, gítar- og fiölusmiður.

GRÆJUR | 3

Eggert er með tvo gítara, mislangt komna, í smíðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL RÚNARSSON

OTTO CHEMIE

Þéttiefni - Límefni

Lím og þéttiefni í úrvali

Tré & gífsskrúfur.

Glerjunarefni.

Hurðarhúnar og skrár.

Baðherbergisvörur og höldur.



GEZE



Rennihurðajárn.

Hurðarpumpur.

Rafdrifnir opnarar.

Hert gler eftir máli.

JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútvogur 1h. Barkarvogsmegin.
104 Reykjavík S: 58 58 900. - www.jarngler.is

6 mánaða
vaxtalausar
greiðslur


Gerið gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa



www.svefn.is

SVEFNSÓFAR



Hágæða svefnsófar.
Íslensk framleiðsla.

Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni.
Svefnflötur 140x200.
Nú aðeins kr. 264.900


SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900


IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

ÚRVAL STILLANLEGRA
HEILSURÚMA



PROFLEX

2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins 349.900 með okkar bestu
IQ-CARE heilsudýnum



Haustlaufin eru tekin að falla. Því þarf að huga að þakrennum húsa og niðurföllum og hreinsa burt laufin sem safnast þar saman til að forðast stíflur og vatnsflóð.

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS



Kertastjakinn Jökull er með því nýjasta frá arcadesign. Hægt er að taka álstykkni af og nota hann undir sprittkerti.

Arcadesign opnar verslun

VINNUSTOFA OG VERSLUN ARCADE-SIGN OPNAR Í GRÍMSBÆ.

Arcadesign Iceland, sem er um árs-gamalt hönnunarfyrtæki í eigu Vilborgar Aldísar Ragnarsdóttur og Hafdísar Heiðarsdóttir, opnar vinnustofu og verslun í Grímsbæ á fimmtudag. Þær Vilborg og Hafdís byjuðu að hanna kökudíska og kertastjaka úr plexígléri en hafa nú bætt við frost-rósum, veggstjökum úr plexígléri og áli og ýmsu fleiru. Þær hafa hingað til boðið vörur sínar til sölu á Facebook og í völdum verslunum en fannst tímabært að opna eigin verslun. Nánari upplýsingar er að finna undir leit-arorðinu Arcadesign Iceland á facebook.

Auglýsingasími

512 50 50

Allt sem þú þarft...

Rauðakrosshúsið Reykjavík
- fyrir atvinnuleitendur

Dagskrá vikunnar

Vikan 4. - 4. október

Mánudagur 4. október

► **Hvernig stöndumst við álag?** - Hvað fær okkur til að snögg reiðast? Hvers vegna látum við hversdagslega atburði pirra okkur? Af hverju eigum við svo erfitt með að láta af slæmum ávænum? Fjallað um áhrif hugsana á líðan og leiðir til úrbóta. Umsjón: Jóhann Thoroddsen, sálfr. Kl. 14:00 - 16:00

► Ljósmyndaklúbbur kl. 13 - 14 ► Þrjónahópur kl. 13 - 15

Þriðjudagur 5. október

► **Qi-Gong** - Fáðu leiðsögn í Qi-Gong æfingum sem hjálpa fólki að afla, varðveita og dreifa orku um líkamann. Umsjón: Viðar H. Eiríksson. Kl. 12 - 13

► **Bowen tækni** - kynning á Bowentækni sem getur lagað kvilla og bætt líðan til muna. 20 mínútna einstaklings prufutími. Skráning nauðsynleg. Umsjón: Guðmann Elíasson, Bowen tæknir. Kl. 13-15

► Gönguhópur kl. 13 - 14 ► Vinnum saman (Býflugurnar) kl. 14 - 16

► Skiptifatamarkaður kl. 14 - 16

Miðvikudagur 6. október

► **Fatamarkaður TAKTS** - Flott og vel með farin á alla fjölskylduna og skemmtilegir munir á sanngjörnu verði. Allur ágóði rennur til RKÍ Kl. 9 - 12:30

► **Hugræn atferlismeðferð** - Helstu atriði HAM kynnt. Síðasti hluti (Fullbókað) Umsjón: Valgerður Magnúsdóttir. Kl. 14:30 - 16:00

► Lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur - Skráning æskileg. Kl. 14 - 16

► Briddsklúbbur kl. 14 - 16 ► Tólvuaðstoð kl. 13:30-15:30

HANDBOLTI Haukar voru í góðri stöðu fyrir seinni leik sinn gegn ítalska liðinu Conversano í gær eftir að hafa unnið fyrri leikinn með þriggja marka mun á laugar-dag. Báðir leikirnir voru leiknir á Ásvöllum.

Framan af leik var útlit fyrir einhverja spennu. Hraðauppflaupin voru ekki að nást hjá Haukum og Conversano var með forystuna um tíma. Svo komust Haukarnir í gang og höfðu þriggja marka forskot í hálfleik.

Gestirnir lögðu svo árar í bát þegar þeir sáu fram á að markmið þeirra var ekki að fara að nást. Haukar gátu gefið ungum strákum tækifæri í lokin og unnu seinni leikinn á endanum með þrettán marka mun. Hraða skorti í ítalska liðið og viljinn virtist mun meiri hjá Hafnarfjarðarliðinu.

„Við komum ákveðnir til leiks því við vissum að ef við myndum gefa þeim tækifæri hefðu þeir nýtt sér það. Þeir kunna alveg handbolta,“ sagði Freyr Brynjarsson, leikmaður Hauka, eftir leikinn.

Haukar sýndu í þessum tveimur leikjum að liðið býr yfir góðri breidd. „Það voru ungir strákar að koma við sögu sem munu fá mörg tækifæri í vetur. Við rúllum þessum hóp vel svo allir fá að spila nóg, það er alveg klárt,“ sagði Freyr.

„Það gefur okkur mikið að taka þátt í þessu Evrópuverkefni. Við fáum sterk lið til að keppa á móti, þetta ítalska lið væri í toppbaráttunni hérna heima. Svo fáum við væntanlega enn sterkara lið næst og það hefur gefið okkur mikið



ÖFLUGUR Hinn ungi og efnilegi Heimir Óli Heimisson spilaði vel líkt og flestir leikmenn Haukana. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÚRSLIT

Evrópukeppni félagsliða:

Haukar-Conversano 40-27 (17-14)

Mörk Hauka (skot): Guðmundur Árni Ólafsson 12/2 (16/2), Þórður Rafn Guðmundsson 5 (7), Stefán Rafn Sigurmannsson 5 (8), Freyr Brynjarsson 4 (6), Björgvin Hólmgeirsson 3 (4), Tjörvi Þorgeirsson 3 (5), Heimir Óli Heimisson 3 (6), Einar Örn Jónsson 2 (2), Einar Pétur Pétursson 2 (3), Jónatan Ingi Jónsson 1 (1).

Varin skot: Aron Rafn Eðvarðsson 9, Birkir Ívar Guðmundsson 8.

Fiskuð viti: 2 (Heimir Óli, Freyr).

Útan vallar: 6 mínútur.

FYRRI LEIKUR LIÐANNA:

Conversano-Haukar 30-33

undanfarin ár að taka þátt í Evrópukeppninni,“ sagði Freyr.

Stefán Rafn Sigurmannsson átti góðan leik fyrir Haukana í gær. „Þetta gekk mjög vel upp hjá okkur. Það vantaði smá baráttu í vörnina í fyrri hálfleikurinn en sóknarleikurinn var að virka vel. Svo í seinni hálfleik ákváðum við að byrja að keyra á þá því þeir eru þungir,“ sagði Stefán.

„Birkir fór að verja mjög vel þegar við fórum út og mættum þeim tveir og tveir saman. Þeir eru mun sterkari en við og við áttum lítinn möguleika þegar við vorum

að mæta þeim einn á einn. Vörnin þéttist í seinni hálfleik og menn fóru að nýta tækifærin. Hraðauppflaupin eru okkar sterkir leikur.“

Stefán segir að Evrópukeppnin sé mikið krydd í tímabilið. „Það er gott að fá að sýna sig á þessu sviði. Við græðum mikið á þessu, bæði varðandi reynslu og einnig bara skemmtunina. Við ætlum okkur að gera góða hluti, það gekk vel í fyrra og við ætlum að reyna að gera enn betur núna,“ sagði Stefán. „Við stefnum eins langt og við getum.“

elvargeir@frettabladid.is



Í BYRJUNARLIÐINU Aron stýrði leik Kiel vel í gær. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Meistaradeildin í handbolta:

Jafntefli hjá Kiel og Barca

HANDBOLTI Íslendingaliðið Kiel tók á móti Barcelona í Meistaradeild Evrópu í dag. Leiknum lyktaði með jafntefli, 28-28, en Aron Pálmarsson skoraði eitt mark fyrir Kiel í leiknum.

Í sama riðli vann annað Íslendingalið, Rhein-Neckar Löwen, góðan útsigur á Celje Lasko í Slóveníu. Ólafur Stefánsson skoraði tvö mörk fyrir Löwen í leiknum.

Lið Ingimundar Ingimundarsonar, Aab, og lið Björgvins Páls Gústavssonar, Kadetten, mættust síðan í Danmörku og þeim leik lyktaði með jafntefli, 30-30.

Aab var með pálmann í höndunum en ótrúlegur lokakafli Kadetten skilaði þeim stigi og markvarsla Björgvins hafði þar mikið að segja.

- hbg



SIGURREIFUR Ólafur fagnar hér Íslandsmeistaratitlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ólafur Kristjánsson áfram:

Samdi til 2015

FÓTBOLTI Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, gekk um helgina frá nýjum samningi við félagið. Nýr samningur hans er til 2015 en ekki er algengt hér á landi að samningar séu svo langir. Tilkynnt var um þetta á uppskeruhátíð Blika sem haldin var á laugardagskvöld.

Ólafur stýrði Breiðabliksliðinu til síns fyrsta Íslandsmeistaratitils í sumar en í fyrra hampaði það bikarmeistaratitlinum. Ólafur hefur verið þjálfari Breiðabliks síðan 2006 en hann var áður við stjórnvölinn hjá Fram og var aðstoðarþjálfari AGF í Danmörku.

- egm

Meistarakeppni KKÍ fór fram í Stykkishólmi í gær og heppnaðist vel:

Snæfell og KR meistarar meistaranna

KÖRFUBOLTI Íslandsmeistaraliðin Snæfell og KR undirstrikuðu styrk sinn í gær er þau urðu meistarar meistaranna. Snæfell lagði KR í karlaflokki, 101-93, og KR vann Hauka, 72-58, í kvennaflokki. Báðir leikirnir fóru fram í Stykkishólmi þannig að fólkið þar fékk körfuboltaveislu.

Leikur Snæfells og Grindavíkur var lengstum jafn og spennandi en Íslandsmeistararnir rifu sig frá Grindjánum undir lokin og lönduðu góðum sigri. Pálmi Freyr Sigurðsson fór mikinn með 26 stig og Ryan Amaroso skoraði 22. Jón Ólafur Jónsson var einnig öflugur með 21 stig.

Hjá Grindavík var Andre Smith með 23 stig og 10 stoðsendingar. Páll Axel Vilbergsson skoraði 19 stig og tók 9 fráköst.

Margrét Kara Sturludóttir fór mikinn í liði KR og skoraði 25 stig í sigrinum á Haukum. Guðrún Gróa



MEISTARAR Snæfell tekur hér á móti bikarnum á heimavelli sínum í gær.

Þorsteinsdóttir var einnig öflugur með 14 stig. Ragna Brynjarsdóttir

var langbest í Haukaliðinu með 16 stig og 17 fráköst.

- hbg

SKOÐUNAR-MYNDAVÉL



16108803AL
Práðlaus 9mm myndavél með barka og 3,5" LCD skjá
Tilboðsverð
39.900 kr.

Prófaðu gott nýtt brauð!

Nýtt heilsubrauð úr íslensku byggi frá Þorvaldseyri



Smakkaðu nýtt íslenskt heilsubrauð frá Myllunni. Nýtt Eyrarbrauð er bakað úr byggi frá Þorvaldseyri. Fáðu þér hollustu og kraft beint úr íslenskrri náttúru. Fæst í helstu verslunum.



Prófaðu gott nýtt brauð!



Nýtt Eyrarbrauð er bakað úr byggi frá fjölskyldunni á Þorvaldseyri



ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin:

BIRMINGHAM CITY - EVERTON	0-2
0-1 Roger Johnson, sjm (16.), 0-2 Tim Cahill (92.).	
STOKE CITY - BLACKBURN ROVERS	1-0
1-0 Jonathan Walters (47.).	
TOTTENHAM HOTSPUR - ASTON VILLA	2-1
0-1 Marc Albrighton (15.), 1-1 Rafael van der Vaart (47.), 1-1 Rafael van der Vaart (47.), 2-1 Rafael van der Vaart (74.).	
WEST BROMWICH ALBION - BOLTON	1-1
0-1 Johan Elmander (63.), 1-1 James Morrison (77.).	
WEST HAM UNITED - FULHAM	1-1
0-1 Clint Dempsey (32.), 1-1 Frederic Piquionne (50.).	
WIGAN ATHLETIC - WOLVES	2-0
1-0 Jordi Gomez (64.), 2-0 Hugo Rodallega (84.), 2-0 Hugo Rodallega (85.).	
MAN CITY - NEWCASTLE	2-1
1-0 Carlos Tevez, viti (18.), 1-1 Jonas Gutierrez (24.), 2-1 Adam Johnson (75.).	
LIVERPOOL - BLACKPOOL	1-2
0-1 Charlie Adam, viti (29.), 0-2 Luke Varney (45.), 1-2 Sotirios Kyrgiakos (53.).	
CHELSEA - ARSENAL	2-0
1-0 Didier Drogba (39.), 2-0 Alex (85.).	

STADAN:

Chelsea	7	6	0	1	23-2	18
Man. City	7	4	2	1	9-3	14
Man. United	7	3	4	0	16-9	13
Arsenal	7	3	2	2	16-9	11
Tottenham	7	3	2	2	8-6	11
WBA	7	3	2	2	9-12	11
Stoke City	7	3	1	3	8-9	10
Aston Villa	7	3	1	3	9-12	10
Blackpool	7	3	1	3	11-15	10
Fulham	7	1	6	0	8-7	9
Sunderland	7	1	5	1	7-7	8
Bolton	7	1	5	1	10-11	8
Blackburn	7	2	2	3	7-8	8
Wigan Athletic	7	2	2	3	4-13	8
Newcastle	7	2	1	4	10-10	7
Birmingham	7	1	4	2	7-10	7
Everton	7	1	3	3	6-7	6
Liverpool	7	1	3	3	7-11	6
Wolves	7	1	2	4	7-12	5
West Ham	7	1	2	4	5-14	5



Á GÓÐU SKRÍÐI Kolbeinn hefur skorað í tveimur leikjum í röð fyrir AZ Alkmaar.

NORDIC PHOTOS/STAFF

Evrópski boltinn:

Kolbeinn og Gylfi skoruðu

FÓTBOLTI Ungu strákarnir í Evrópuboltanum halda áfram að gera það gott og um helgina skoruðu bæði Gylfi Þór Sigurðsson og Kolbeinn Sigþórsson.

Gylfi Þór skoraði aftur beint úr aukaspyrnu fyrir þýska liðið Hoffenheim. Þetta var annað aukaspyrnumark hans fyrir félagið og talsvert flottara en fyrra markað.

Markið dugði þó ekki til sigurs því Hoffenheim tapaði, 4-2, fyrir toppliði Mainz.

Kolbeinn skoraði í sínum öðrum leik í röð fyrir hollenska liðið AZ Alkmaar en hann skoraði í Evrópu deildinni á dögnum og nú gegn Heracles í deildinni í leik sem AZ vann, 2-1.

- hbg

Sven-Göran Eriksson:

Tekinn við Leicester City

FÓTBOLTI Svíinn Sven-Göran Eriksson er aftur í enska boltanum en þessi fyrrverandi landsliðsþjálfari Englands var ráðinn þjálfari B-deildarliðsins Leicester City í gær.

Eriksson skrifaði undir tveggja ára samning og segist ætla að vera lengi hjá félaginu. Ekki eru allir að kaupa það þar sem Eriksson hefur staldrað stutt við hjá síðustu félaginu.

„Ég verð að lágmarki hér í tvö ár. Auðvitað ætla ég mér að virða samninginn og vera lengi. Þetta er stórt og metnaðarfullt verkefni sem bíður mín,“ sagði Svíinn sem ætlar með Leicester í hæstu hæðir.

- hbg

Manchester United gerði sitt fjórða jafntefli í sjö leikjum er liðið sótti Sunderland heim og sýndi lítið:

Alex Ferguson sáttur við að halda hreinu

FÓTBOLTI Man. Utd gengur afar illa að ganga frá leikjum sínum í ensku úrvalsdeildinni og er hreinlega ekki að spila nógu vel þessa dagana.

Liðið mátti þakka fyrir stig-ið gegn Sunderland um helgina enda var United heillum horfið og gat ekkert. Michael Owen fékk tækifæri í byrjunarliðinu og nýtti það ekki vel frekar en Federico Macheda sem sagður er vera á leið frá félaginu í janúar.

Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, reyndi að horfa á jákvæðu

hliðarnar eftir leikinn þó svo hann væri augljóslega mjög pirraður. Hann rauk meðal annars beint inn göngin og þurfti að snúa til baka því hann gleymdi að þakka Steve Bruce fyrir leikinn.

„Sunderland fékk betri færi í leiknum. Þrátt fyrir það var ég mjög ánægður með varnarleikinn. Við höfum verið að hleypa inn mörkum og því var sterkt að halda hreinu í þessum leik,“ sagði Ferguson.

„Ég get ekki stimplað þennan leik sem sérstök vonbrigði því við

máttum hafa fyrir stiginu. Það er samt vissulega áhyggjuefni að við séum ekki enn búnir að vinna útleik í vetur,“ sagði Ferguson en United hefur ekki enn tapað leik en öll þessi jafntefli kosta sitt.

- hbg

MACHEDA Á FÖRUM? Macheda fann sig ekki í gær. Hermt er að hann verði lánaður frá félaginu í janúar og svo hugsanlega seldur næsta sumar. NORDIC PHOTOS/GETTY



HEITIR Alex og Drogba skoruðu báðir falleg mörk í gær.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Ekkert stöðvar Chelsea

Chelsea vann stórslag helgarinnar gegn nágrönnum sínum í Arsenal. Chelsea er komið með fjögurra stiga forskot á toppi ensku úrvalsdeildarinnar.

FÓTBOLTI Það ætlar að reynast þrautin þyngri hjá Arsenal að taka stig af bestu liðunum

í ensku úrvalsdeildinni en sveinar Arsene Wenger féllu enn einu sinni á stóra prófinu í gær er þeir sóttu Chelsea heim.

Chelsea vann leikinn 2-0 og er komið með fínt forskot á toppi deildarinnar. Arsene Wenger, stjóri Arsenal, reyndi að líta á björtu hliðarnar eftir leikinn.

„Þessi leikur hefði átt að klárast strax í upphafi. Við fengum tvö dauðafæri sem var auðvelt að klára. Það var ótrú-

legt að við skyldum ekki skora úr þessum færum,“ sagði Wenger eftir leikinn.

„Þessi úrslit eru mikil vonbrigði því við buðum upp á fína liðsframmistöðu. Við vorum samt oft að flýta okkur of mikið á lokapriðjungi vallarins. Við enduðum síðan með því að taka of erfið skot. Liðið mitt barðist samt vel í leiknum og við sýndum mikil gæði í okkar leik. Við verðum að taka það jákvæða úr leiknum þó svo úrslitin séu gríðarleg vonbrigði fyrir okkur. Ég get með sannri sagt að við áttum meira

skilið úr þessum leik en við fengum.“

Þetta hefur verið erfið vika fyrir Chelsea enda missti stjóri liðsins, Carlo Ancelotti, föður sinn og hann sendi aðstoðarmann sinn, Ray Wilkins, til þess að ræða við blaðamenn.

„Þetta hefur verið afar erfið vika og Carlo vill þakka öllum þeim sem hafa sent honum góðar kveðjur. Hann fékk meðal annars falleg skilaboð frá Sir Alex Ferguson og hann vildi að ég minntist á það,“ sagði Wilkins.

„Leikmenn reyndu að undirbúa sig vel við þessar erfiðu aðstöður. Það var dimmt yfir öllum eftir andlátid en æfingarnar síðustu tvo dagana voru mjög fínar. Það var ánægjulegt að ná þessum sigri gegn Arsenal.“ henry@frettabladid.is



Staða Roy Hodgson hjá Liverpool orðin erfið þar sem liðið er í fallsæti í ensku deildinni eftir sjö leiki:

Blackpool fullkomnaði niðurlægingu Liverpool

FÓTBOLTI Lengi getur vont versnað og það á svo sannarlega við í tilfelli Liverpool. Liðið var með aðeins sex stig eftir sex leiki og Blackpool kom í heimssókn í gær. Fullkominn leikur til þess að koma sér aftur af stað.

Dagurinn snerist upp í martröð fyrir stuðningsmenn Liverpool. Eftir aðeins tíu mínútur var Fernando Torres farinn meiddur af velli. Áður en fyrri hálfleikur var allir hafði Blackpool síðan skorað tvívegis. 0-2 fyrir strákana sem tóku myndir af sjálfum sér á vellinum fyrir leik því þeir áttu líklega ekki von á því að koma þangað aftur.

Kyrgiakos klóraði í bakkann í síðari hálfleik en það dugði ekki til. Roy Hodg-

son, stjóri Liverpool, má þakka fyrir ef hann heldur starfi sínu mikið lengur enda er Liverpool í fallsæti í deildinni.

„Þetta er skelfileg byrjun á tímabilinu. Það sá enginn fyrir að við myndum byrja svona illa. Það eru allir ósáttir við þessa byrjun en við verðum að lifa með henni. Þetta tímabil hefur verið mjög furðulegt,“ sagði steinrunninn Hodgson eftir leik.

SVEKKTUR Roy Hodgson gæti fengið að fjúka fljótlega frá Liverpool.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



TRÚIR EKKI EIGIN AUGUM Framherjinn David Ngog hefur ekkert getað hjá Liverpool í vetur og hann svekkir sig hér í leiknum í gær.

NORDIC PHOTOS/APP

„Að vera aðeins með sex stig eftir fjóra heimaleiki og þrjá útleiki er ekki ásættanlegt. Það er mikil vinna fram undan að snúa

þessu gengi við,“ sagði Hodgson en stóra spurningin er sú hvort hann fái tækifæri til þess að leiða liðið úr þessum ógöngum.

- hbg

FANTA GOTT FORM

Fanta gott form er æfingakerfi frá Hollywood sem hefur algjörlega slegið í gegn á Íslandi!

6-vikna námskeið fyrir konur og karla.

Æfingakerfið byggist á einföldum æfingum sem þjálfar upp þol, styrk og snerpu á skjóttan og hnitmiðaðan hátt. Grunnbrennsla eykst og í hverjum tíma myndast eftirbruni í líkamanum sem gerir það að verkum að hitaeningabrennsla heldur áfram á auknum hraða í nokkrar klukkustundir eftir að æfingu lýkur.

Skráðu þig á þetta öflugna námskeið og vertu í fanta góðu formi í sumar. Það er aldrei of seint að skora á sjálfa/n sig og komast í sitt besta form.

Hefst 11. október. Verð 24.900 kr.

Skráning í vefverslun Hreyfingar á www.hreyfing.is eða í síma 414-4000.

Allar upplýsingar á www.hreyfing.is

> Josh Radnor

„Ég er hræddur um að ég muni ekki lesa nógu margar bækur, þó að stundum finnst mér gott að kveikja á sjónvarpinu og gefa heilanum smá frið.“

Josh Radnor leikur rómantíska arkitektinn Ted Mosby í gamanþáttunum How I Met Your Mother sem eru á dagskrá Stöð 2 kl. 19.45.



VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON HEFUR GAMAN AF ÞVÍ AÐ FRÆÐAST

Vita meira og meira, meira í dag en í gær

Ég á mér veikan blett þegar kemur að sjónvarps-efni og það eru vel unnar heimildarmyndir. Umfjöllunarefnið skiptir mig ekki öllu, myndirnar geta tekið á málefnum líðandi stundar, fjallað um sögulega atburði eða bara skemmtilegar dýrategundir, bara svo lengi sem ég verð einhverju fróðari að áhorfi loknu.

Ég hef lengi verið aðdáandi Dokumaniu sem er á dagskrá DR2 öll þriðjudagskvöld. Þar eru margar áhugaverðar heimildarmyndir og -þættir myndir sem gaman er að horfa á. Síðustu daga hef ég þó látið sjónvarpið algveg eiga sig og þess í



stað einbeitt mér að dagsskrá RIFF kvikmyndahátíðarinnar, en þar er fjöldi athyglisverðra heimildarmynda og kvikmynda til sýnis.

Meðal þess sem ég hef farið að sjá var dönsk heimildarmynd um danska hermenn sem eru með bækistöðvar á Armadillo-herstöðinni í Afganistan og sænsk heimildarmynd um börn sem veiktust eftir að hafa búið í miklu návígi við eiturefnaúrgang. Hátíðin er ekki búin þannig að ég á vonandi eftir að bæta nokkrum heimildarmyndum við mig áður henni yfir lýkur. Ég hafði meðal annars hugsað mér að fræðast eilítið um ástandið á Gasasvæðinu og um ævistarf skemmtikraftsins góðkunnna Ragga Bjarna. Það er ekki leiðinlegt þegar maður kemur heim úr bíóferð fróðari en maður var þegar haldið var af stað.

dagskrá

SJÓNVARPIÐ

- 15.50 Þóra Einarsdóttir - Konan sem vildi breyta heiminum
- 16.35 Íslenski boltinn (e)
- 17.20 Tákn málsfréttir
- 17.30 Landinn Frétta og þjóðlífsþáttur af landsbyggðinni. (e)
- 18.00 Sammi (27:52)
- 18.07 Franklín (8:13)
- 18.30 Skúli skelfir (14:52)
- 18.40 Stúlka og dansandi hestur
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.50 Stefuræða forsætisráðherra Bein útsending frá Alþingi þar sem Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra flytur stefnuræðu sína og fram fara umræður um hana.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.10 Veðurfréttir
- 22.20 Leitandinn (13:22) (Legend of the Seeker) Bandarísk þáttaröð. Dularfullur atburður veldur því að fólk um allan heim dettur út í tvær mínútur og sautján sekúndur, og sér um leið í svip hvernig líf þess verður eftir hálf ár. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.05 Framtíðarleiftur (22:22) (Flash Forward) Bandarísk þáttaröð. Dularfullur atburður veldur því að fólk um allan heim dettur út í tvær mínútur og sautján sekúndur, og sér um leið í svip hvernig líf þess verður eftir hálf ár. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna. (e)
- 23.50 Fréttir (e)
- 00.00 Dagskrárlok

BÍÓ


- 08.00 At First Sight
- 10.05 Dave Chappelle's Block Party
- 12.00 Space Jam
- 14.00 At First Sight
- 16.05 Dave Chappelle's Block Party
- 18.00 Space Jam
- 20.00 Lonesome Jim
- 22.00 Breakfast on Pluto
- 00.05 Park
- 02.00 Three Extremes
- 04.05 Breakfast on Pluto
- 06.10 First Wives Club

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Áfram Diego, áfram!, Apaskólínn, Krakarnir í næsta húsi
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 The Doctors
- 10.15 Eldsnöggt með Jóa Fel (5:10)
- 10.50 Cold Case (19:22)
- 11.45 Falcon Crest II (17:22)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Frasier (16:24)
- 13.25 Akeelah and the Bee
- 15.15 ET Weekend
- 15.55 Barnatími Stöðvar 2 Krakarnir í næsta húsi, Apaskólínn, Áfram Diego, áfram!
- 17.08 Bold and the Beautiful
- 17.33 Nágrannar
- 17.58 The Simpsons (9:25)
- 18.23 Veður Markaðurinn.
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Two and a Half Men (22:24)
- 19.45 How I Met Your Mother (20:22)
- 20.10 Extreme Makeover: Home Edition (4:25) Fimmta þáttaröð hins svínsæla Extreme Makeover. Home Edition.
- 20.55 V (4:12) Vandaðir spennuþættir sem segja á afar raunverulegan hátt frá því þegar nokkur risavaxin geimskip taka sér stöðu yfir stærstu borgum heims.
- 21.40 The Event (2:13) Hörkuspennandi þættir um venjulegan, ungan mann sem lendir í þeirri skelfilegu lífsreynslu að kærstunni hans er rænt og hann grunaður um að hafa komið henni fyrir kattarnef.
- 22.25 Dollhouse (1:13) Spennuþáttaröð sem gerist í náinni framtíð þar sem skotið hafa upp kollinum undirheimafyrirtæki sem gera út sérstaka málaliða, svokallaðar „brúður“ sem hægt er að breyta og laga að hverju verkefni fyrir sig.
- 23.15 Cougar Town (16:24)
- 23.40 White Collar
- 00.25 The Shield (4:13)
- 01.10 Lonesome Jim
- 02.45 Paris, Texas
- 05.05 The Simpsons (9:25)
- 05.30 Fréttir og Ísland í dag (e)

SPORT

- 07.00 Spænski boltinn: Barcelona - Mallorca
- 16.40 Spænski boltinn: Barcelona - Mallorca
- 18.20 Spænski boltinn: Real Madrid - Deportivo
- 20.00 Upphitun Hitað upp fyrir Iceland Express-deildina í körfubolta sem verður á dagskrá Stöðvar 2 Sport í vetur.
- 21.00 Spænsku mörkin 2010-2011 Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
- 21.45 Main Event Sýnt frá The Main Event á World Series of Poker.



22.35 Fréttabáttur Meistaradeildar Evrópu Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.

23.05 Íslandsmeistaramótið í Polefitness Sýnt frá Íslandsmótinu í Polefitness en fjölmargir keppendur voru skráðir til leiks í þessari nýju íþróttagrein.

SPORT 2

- 07.00 Chelsea - Arsenal Enska úrvalsdeildin.
- 15.05 Tottenham - Aston Villa Enska úrvalsdeildin.
- 16.50 Sunnudagsmessan Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta fram hjá sér fara.
- 17.50 Premier League Review 2010/11 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
- 18.45 PL Classic Matches. Southampton - Tottenham, 1994
- 19.15 Liverpool - Blackpool Enska úrvalsdeildin.
- 21.00 Premier League Review 2010/11
- 22.00 Ensku mörkin 2010/11
- 22.30 Football Legends- Maldini

SKJÁR EINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.40 Rachael Ray (e)
- 09.25 Pepsi MAX tónlist
- 16.55 Rachael Ray
- 17.40 Dr. Phil Sjónvarpsálfraeðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frá-bærar sögur og gefur góð ráð.
- 18.20 Spjallið með Sölva (2:13) (e)
- 19.00 Real Housewives of Orange County (13:15) Raunveruleikasería þar sem fylgst er með lífi fimm húsmæðra í einu ríkasta bæjarfélagi Bandaríkjanna.
- 19.45 Accidentally on Purpose (5:18) (e)
- 20.10 Kitchen Nightmares (10:13) Kjaffori kokkurinn Gordon Ramsey heimsækir veitingastaði sem enginn vill borða á og hefur eina viku til að snúa ástandinu við. Núna heimsækir hann aftur veitingastaði sem hann hefur reynt að hjálpa og kemst að því hvort breytingarnar hafi borið árangur.
- 21.00 Friday Night Lights (5:13) Dramatísk þáttaröð um ungmanni í smábæ í Texas þar sem lífið snýst um fótboltaíð skólans.
- 21.50 CSI: New York (10:23) Bandarísk sakamála-sería um Mac Taylor og félag hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York.
- 22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.
- 23.25 Leverage (3:15) (e)
- 00.10 In Plain Sight (15:15) (e)
- 00.55 CSI: New York (12:25) (e)
- 01.40 Pepsi MAX tónlist

SKJÁR EINN GOLF

- 06.00 ESPN America
- 17.10 Golfing World (e) Daglegur fréttabáttur þar sem fjallað er um allt það nýjasta í golfheiminum.
- 18.00 Golfing World Daglegur fréttabáttur þar sem fjallað er um allt það nýjasta í golfheiminum.
- 18.50 Ryder Cup 2010 (3:3) (e) Þriðji og síðasti keppnisdagur í Ryder-bikamum.
- 01.00 Golfing World (e) Daglegur fréttabáttur þar sem fjallað er um allt það nýjasta í golfheiminum.
- 01.50 ESPN America

EXTRA

- 18.55 Iceland Airwaves Nýr íslenskur þáttur um Iceland Airwaves-tónlistarhátíðina þar sem sagt er á hraðan og hresslegan hátt frá þessari stórmerkilegu hátíð sem hefur skipað sér í röð eftirtektarverðustu tónlistarhátíða heims.
- 19.30 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir læknar, sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum, veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar.
- 20.15 E.R. (18:22) Sigildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago.
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.50 The Storm Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar með Treat Williams, James Van Der Beek og Luke Perry í aðalhlutverkum.
- 23.15 The Storm Seinni hluti.
- 00.40 Mér er gamanmál Ný íslensk gamanþáttaröð með Frímanni Gunnarssyni.
- 01.10 The Pacific (3:10) Magnaðir verðlaunþættir frá framleiðendum Band of Brothers.
- 02.05 Iceland Airwaves
- 02.40 E.R. (18:22)
- 03.25 The Doctors
- 04.05 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnrir allt það heitasta í bíóheiminum.
- 04.30 Fréttir Stöðvar 2
- 05.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gisladóttur Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

INN

- 20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu Tvær mæður skólábarna og Lukka koma í heimsókn.
- 20.30 Golf fyrir alla 18. braut og leikslök með Hirti Árna og Ólafi Má.
- 21.00 Frumkvöðlar Frumkvöðlar Íslands í fararbroddi hjá Elinóru.
- 21.30 Eldhús meistarana Magnús sjónvarpskokkameistari í eldhúsinu í leikskólanum Aðalþingi.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Mastercraft jeppadekk

– nú á lægra verði

Dekkin frá Mastercraft eru sérhönnuð fyrir stærri bifreiðar og jeppa, veita hámarksöryggi og eru á sama tíma einkar hljóðlát. Vertu því öruggari í vetur með Mastercraft undir bílnum.

Mastercraft hefur framleitt dekk síðan 1909 og byggir því á yfir 100 ára reynslu.

Mastercraft
TIRES

Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000
Njarðvík, Fitjabraut 12, sími 421 1399
Selfoss, Gagnheiði 2, sími 482 2722

SÓLNING

BARÐINN

Skútuvoði 2 | 104 Reykjavík | Sími 568 3080 | www.bardinn.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.40
The Event

Hörkuspennandi þættir um venjulegan, ungan mann sem lendir í þeirri skelfilegu lífsreynslu að kærustunni hans er rænt og hann grunaður um að hafa komið henni fyrir kattarnef. Staðráðinn í að sanna sakleysi sitt leggur hann á flóttu og reynir að finna hana en áður en hann veit af er hann flæktur í meiri háttar samsæri gegn forseta Bandaríkjanna.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.03 Vitt og breitt
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Stefnunót
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Hádegisútvarpið
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Hringrás
14.03 Bak við stjórnunar
15.03 Útvarpsagan: Stormur
15.25 Fólki og fræði
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.20 Auglýsingar
18.21 Spegillinn
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Kvika
21.10 Ópus
22.05 Veðurfregnir
22.10 Orð kvöldsins
22.15 Gírn, grúsk og glóriur
23.05 Lostafulli listræninginn
23.45 Heimsókn til listamanna
00.05 Næturtonar

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 Kaninn
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

Styrktaraðilar



Söluaðilar

11 / 11, Apótekarinn, Besta, Blómahönnun, Debenhams, Eymundsson, Frumherji, Garðheimar, Hagkaup, Hreyfill, Kaffitár, Kaskó, Kjarval, Krónan, Lyf og heilsa, Lyfja, Lyfjaval, Lyfjaver, Melabúðin, Nettó, Nóatún, Olís, Penninn, Pósturinn, Reykjavíkur Apótek, Samkaup, Skipholtspótek, Strax, Te og kaffi, Úrval, Útilíf og Þín verslun.

www.bleिकासlaufan.is


fyrir allar dætur

ömmur - mömmur - systur - vinkonur - frænkur ...

Berum heilbrigði þeirra fyrir brjósti.
Bleika slaufan er söfnunaráttak í baráttu
Krabbameinsfélags Íslands gegn krabbameini.
Þú færð hana um allt land.



„Hollywood“

Notaðu öflugna og ókeypis leit á Vísi til að finna allt sem þú þarft að vita um stjórnar í Hollywood, vini þeirra, gæludýr og samkvæmislíf – eða bara eitthvað allt annað. Leitaðu að efni úr Fréttablaðinu og af Vísi. Það eina sem þarf er leitarorð. **Vísir er með það.**

VÍSIR.IS
...ég sá það á Vísi





„Mér finnst best að byrja á því að fá mér glas af vatni og fá mér svo appelsínusafa og ristað brauð með osti.“

Sandra Erlingsdóttir, dansari og gullsmiður.

Anita Briem í hryðjuverkamynd

Íslenska leikkonan Anita Briem mun leika stórt hlutverk í kvikmyndinni Elevator eða Lyftunni. Myndin segir frá ný einstaklingum sem lokast inni í lyftu og vita að einn þeirra er með sprengju.

Myndin er byggð á handriti eftir Marc Rosenberg og skartar meðal annars hinni margverðlaunuð leikkonu Shirley Knight. Þó yngri kynslóðin kannist ef til vill ekki við hana þá hefur Knight tvívegis verið tilnefnd til Óskarsverðlauna, annars vegar fyrir kvikmyndina Top of the Stairs frá árinu 1962 og Sweet Bird of Youth sem var gerð tveimur árum seinna og skartaði Paul Newman í aðalhlutverki. Shirley hefur

jafnframt verið sjö sinnum tilnefnd til Emmy-verðlauna, meðal annars fyrir leik sinn í Aðþrengdum eiginum árið 2006. Hún hlaut þau hins vegar fyrir leik í NYPD Blue og Thirtysomething, þáttaraðir sem nutu mikilla vinsælda hér á landi. Þá hefur Knight verið tilnefnd í þrítung til Golden Globe-verðlaunanna og vann þau árið 1996 fyrir leik sinn í sjónvarpsmyndinni Indictment: The McMartin Trial.

Greint er frá framleiðslu myndarinnar á vefnum Broadway World. Þar má sjá aðra leikara myndarinnar sem flestir hafa getið sér gott orð fyrir sviðs- og sjónvarpsleik og jafnan brugðið fyrir í stórmyndum sem

aukaleikarar. Nægir þar að nefna Waleed Zuaiter sem lék meðal annars í Sex and the City 2 og The Men Who Stare at Goats og John Getz en hann má meðal annars finna í kvikmyndinni The Social Network, myndinni um Facebook.

- fgg

Í GÓÐUM HÓPI Anita Briem mun leika á móti Shirley Knight í nýrri spennu- mynd. Knight þessi hefur verið tilnefnd tvívegis til Óskarsverðlauna, sjö sinnum til Emmy-verðlauna og þrívís til Golden Globe.



RAGNAR FREYR INGVARSSON: ÉG VAR EIGINLEGA PLATAÐUR ÚT Í ÞETTA

Læknir eldaði lamb ofan í 270 svanga Íslendinga

„Þetta var algjört rugl. Ég var eiginlega plataður út í þetta,“ segir læknirinn Ragnar Freyr Ingvarsson, í lauffléttum dúr.

Ragnar býr í Svíþjóð, en í Lundi fer hið árlega Klakamót í fótbolta fram. Mótið er fyrir íslenska fótboltaáhugamenn á Norðurlöndunum og í ár tóku 270 manns þátt í rúmlega 20 liðum. Ragnar hefur haldið úti vinsælu matarbloggi síðustu ár þar sem hann fer hreinlega á kostum í eldhúsinu.

„Ögmundur Rúnarsson, fyrrverandi markmaður KR er frændi konunnar minnar. Hann sendi mér dularklæðum um hvort ég væri til í að gefa þeim góð ráð,“ segir Ragnar um upphaf samstarfsins. „Auðvitað er það sjálfsagt. Svo þegar dagsetningin færðist nær hafði hann meira og meira samband og þegar á hólminn var komið var enginn annar til að elda.“

Þannig að yfirkokkurinn var ráðinn án samráðs við hann sjálfan?

„Já, það má segja það. En þetta var rosalega skemmtilegt. Glæsilegt mót sem þeir skipulögðu, strákarnir í Þungum hnif, sem er fótboltalið hérna í Lundi.“

Ragnar hefur látið sér nægja að elda ofan í fjölskyldu og vini þó þeir sem hafa lesið bloggið hans sjái að þar er enginn venjulegur heimiliskokkur á ferð. Matreiðslan í Lundi var sú lang umfangsmesta sem hann hefur tekið að sér, enda taldi hún 33 langelduð lambalæri, 40 bakka af kartöflugratíni og 40 kíló af salati.

„Ég fékk skánst lamb. Við ætluðum að reyna að bjarga hingað íslensku lambi en með þessum fyrirvara var það ekki hægt,“ segir Ragnar. Hann fékk góða aðstoð frá fótboltamönnum og eiginum þeirra og stóð vaktina sem yfirkokkur frá átta um morguninn til



ASTRÍÐUKOKKUR Ragnar er læknir sem hefur haldið úti vinsælu matarbloggi síðustu ár.

100 kíló af lambakjöti voru elduð ofan í fótboltakappana svöngu og af því fékk Ragnar tvo bita.

hálft níu um kvöldið -- með stuttum hléum enda keppti hann með liði sínu, Tæklandi læknar, á mótinu. Hann hyggst þó ekki söðla um og gerast kokkur.

„Ég verð að viðurkenna að ég ber enn meiri virðingu fyrir kokkum eftir þetta – og ég bar helvíti mikla virðingu fyrir þeim fyrir. Þetta er fólk sem vinnur alvöruvinnu,“ segir Ragnar.

En náði kokkurinn að bragða á lambinu í látunum?

„Ég náði að grípa tvo bita. Mér skilst að þetta hafi verið mjög gott. Þetta eru Íslendingar og margir með heimþrá. Það komu nokkrir og minntust á ömmur sínar, vel drukknir og vel klökkir.“

Og aðspurður hvort matreiðslubók sé á leiðinni segist hann hafa fengið þó nokkrar fyrirspurnir. „Ég leitaði til útgefenda og fékk þau svör að þar sem ég er ekki kokkur og ekki frægur þá gengur það ekki. Þannig að ég hélt bara áfram að blogga,“ segir Ragnar hress að lokum.

Matarblogg Ragnars má finna á síðinni: ragnarfreyr.blog.is.

Fimmfaldur Arnar á Airwaves

Trommarinn Arnar Þór Gíslason spilar með fimm hljómsveitum á Iceland Airwaves-hátíðinni, þar á meðal rokkurinum í Ham í fyrsta sinn. „Þetta er stórkostleg upplifun að spila með þessum herra-mönnum,“ segir Arnar Þór.

Hann mun lemja húðirnar í fjarveru nafna síns Arnars Geirs Ómarssonar, sem er með gigt og þarf því að hafa hægt um sig. Arnar Geir ætlar að einbeita sér að spilamennsku með Apparát á hátíðinni en sú sveit er töluvert rólegri en Ham. „Þetta er svo hátt hjá strákunum og það verður að lemja svo fast að gigtin fer alveg með hann, þannig að ég létti undir með honum,“ segir Arnar Þór og er hvergi banginn við verkefnið. „Ég ætla að gera mitt allra besta.“ Hann hefur verið aðdáandi Ham lengi og því er ákveðinn draumur að rætast hjá honum. „Þetta er geðveikt band.“

Fjöldi annarra verkefna eru fram undan hjá Arnari á Airwaves því á undan Ham-tónleikunum spilar hann með Ensími og þar áður með tengdaföður sínum Rúnari Þórisyni. „Þetta verður magnað kvöld. Það verður nóg að gera.“ Ofan á þessi gigg bæstast tónleikar með eiginu hans Láru Rúnarsdóttur og Mugison. Arnar er einnig meðlimur Dr. Spock en sú sveit verður reyndar ekki með



ARNAR ÞÓR GÍSLASON Það verður nóg að gera hjá Arnari Þóri á Airwaves-hátíðinni. Hann spilar með fimm hljómsveitum á stuttum tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

á Airwaves í ár. „Ég hef alltaf spilað með slatta af hljómsveitum á Airwaves. Þetta hefur oft staðið tæpt og ég hef oft þurft að hlaupa á milli staða en það er bara gaman að því.“

- fb

Grallaralegt ævintýri fyrir stelpur og stráka



GRÍMAN 2010
BARNASÝNING ÁRSINS

Sýningar í fullum gangi

Sýningardagar

Lau.	2/10	kl. 14	Uppsett
Sun.	3/10	kl. 14	Uppsett
Lau.	9/10	kl. 13	örfá sæti
Sun.	10/10	kl. 14	örfá sæti
Lau.	16/10	kl. 13	örfá sæti
Sun.	17/10	kl. 14	örfá sæti

HÖRIN
Á
HÖFÐI

„Ein besta barnasýning síðasta árs... skemmtileg tónlist, fallett mál, smekkleig umgjörð og góður leikur.“

SG, Mbl.

★★★★★

★★★★★

„Gaman!!!! Listamennirnir slá hvergi af kröfum sínum.“

JVJ, DV

EB, Fbl.



Borgarleikhúsið
í samstarfi við GRAL

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is



„Þvílík snilld og þvílík skemmtun.“ SA, TMM

PBB, Fbl.

„Bráðfyndin, hröð og skemmtileg sýning sem á örugglega eftir að höfða til margra.“ Ip, Mbl.

„Leiksýningin Harry og Heimir er frábær, í einu orði sagt.“ HSS, Mbl.



**NÝR
GEISLADISKUR
KOMINN Í
VERSLANIR**

Harry og Heimir

**UPPSELT
115 sinnum!**

-með öðrum morðum

Sá hlær best sem missir ekki af þessu!

Síðustu sýningar í Reykjavík!

Sýningum í Borgarleikhúsinu lýkur í október.

Lau. 9/10 kl. 19	Fös. 22/10 kl. 19
Fös. 15/10 kl. 19	Lau. 23/10 kl. 19
Lau. 16/10 kl. 19	Sun. 24/10 kl. 20
Lau. 16/10 kl. 22	Fim. 28/10 kl. 20

Leikferð til Akureyrar í nóvember!

Gestasýningar hjá Leikfélagi Akureyrar í Samkomuhúsinu. **Aðeins þessar sýningar.**



Fös. 5/11 kl. 19	Fös. 12/11 kl. 19
Fös. 5/11 kl. 22	Fös. 12/11 kl. 22
Lau. 6/11 kl. 19	Fös. 19/11 kl. 19
Lau. 6/11 kl. 22	Fös. 19/11 kl. 22

Miðasala hefst í dag kl. 13 | 4 600 200 | leikfelag.is

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið

FRÉTTIR AF FÓLKI

Geir á Wall Street
Gestir Smárábiós ráku upp stór augu á laugardagskvöld þegar þeir sáu Geir Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, á kvikmyndinni Wall Street 2. Myndin fjallar í stuttu máli um fjárglæfmanninn Gordon Gekko og hefst á því að hann losnar úr fangelsi. Í fyrri myndinni var hann sendur í steininn og var það samherji úr viðskiptalífnum sem lagði lögreglunni lið. Kollegar Geirs ákærðu sem kunnugt er hann einan á dögnum, en landsdómur á eftir að úrskurða um hvort hann sé sekur eða ekki.



- afb

Kvartfylgi
Samkvæmt nýrri könnun Gallup sem RÚV fjallaði um í gær er rétt um fjórðungur ánægður með störf Karls Sigurbjörnssonar biskups. Ef marka má fyrstu viðbrögð á Netinu við nýjum skemmtipætti RÚV á laugardagskvöldum þar sem Góisonur biskupsins leiðir för þá fellur eplið ekki langt frá eikinni. Á laugardagskvöld mátti lesa á Facebook hjá Birni Inga Hrafnssyni: „Mér er sagt að nýr skemmtipáttur á RÚV í kvöld hafi virkað vel til að fjölga áskrifendum að Stöð 2 og Skjámum, er þetta rétt?“ Sé svo mætti álykta að Karl og Góisonur væru báðir með kvartfylgi. Ekki eru þó allir jafn neikvæðir. Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur býður hinn vangann í athugasemd hjá Birni Inga. „Fyrsti þáttur Næturvaktarinnar þótti nú ekkert afbragð :) Gefum séns.“



- Mest lesið** **VÍSIR.IS**
- 1 Tveggja ára stúlka lést þegar hún féll af annarri hæð.
 - 2 Útgjöld fæðingarorlofsjóðs skorin niður um milljarð
 - 3 Ógnaði fólk með sveðju í Seljahverfi
 - 4 Um 70 björgunarsveithópar leita Andrésar
 - 5 Tvöfalt hagkerfi á Íslandi



GULUR, RAUÐUR, SVARTUR, BLÁR OG PRENTARINN ER KLÁR



PRENTAÐU
HVAÐ SEM ER,
HVAR SEM
ÞÚ ERT

HP PHOTOSMART
WiFi eAiO



22.900 kr.

HP ePrint, vefprentun þar sem hægt að prenta út ýmsa hluti svo sem litabækur, sudoku og fleira. Sjá nánar á www.eprintcenter.com.
Ljósmyndaprentun í topp gæðum, hentar vel í alla skjalaútprintun.
Hægt að skoða og prenta ljósmyndir án þess að kveikt sé á tölvu - raufur fyrir myndavélakort.
3,7cm LCD litaskjár með Touchsmart ramma
Hylki: 4 sjálfstæð hylki, XL hylki fánleg.
Prenthraði: Allt að 32 bls. í svörtu, 30 bls. í lit á mín. Ljósmynd 10x15cm 16sek.
Upplausn: Hámarksupplausn 4800x1200 dpi



HP PHOTOSMART
All-in-One

14.900 kr.

Góður og ódýr fjölnotaprentari sem ljósritar, skannar og prentar. Hentar vel í alla skjalaútprintun, auðveldur í uppsetningu. XL hylki fánleg sem gera prentun hagkvæma.
Hylki: 2 hylkja kerfi, 1 svart og annað með 3 litum, XL hylki fánleg.
Prenthraði: allt að 20 bls. í svörtu, 16 bls. í lit á mín. Upplausn: Hámarksupplausn 4800x1200 dpi.



LEKKAD
VERÐ

HP PHOTOSMART
AIO WiFi

19.900 kr.

Ljósmynda prentun í topp gæðum, hentar vel í alla skjalaútprintun.
Hægt að skoða og prenta ljósmyndir án þess að kveikt sé á tölvu. - raufur fyrir myndavélakort.
3,7cm LCD litaskjár með Touchsmart ramma
Hylki: 4 sjálfstæð hylki, XL hylki fánleg.
Prenthraði: Allt að 30 bls. í svörtu, 28 bls. í lit á mín. Ljósmynd 10x15cm 28sek. Upplausn: Hámarksupplausn 9600x2400 dpi.



- MEST SELDU PRENTARAR Í HEIMI *



Opnunartími: mán - fös. kl. 9 - 18

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi. HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

OK
búðin

OK búðin / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavík / Sími 570 1140 / www.okbudin.is